

HAFÞÓR THEODÓRSSON

Fór í skemmtilega fjöl-
skylduferð til Flórída

ferðir bílar

allt í MIÐJU BLAÐSINS



ANITA BRIEM

Komin með fjöl-
miðlafulltrúa

Öll fjölmiðlasamskipti um Bandaríkin

FÓLK 30



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europpris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. júlí 2008 – 185. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR



Fjölbreytt dagskrá

Sumartónleikaröðin Bláa kirkjan hefst á Seyðisfirði í dag en þetta er í tíunda sinn sem hún er haldin.

TÍMAMÓT 18

Ójafnt gefið

„Óheft þátttaka á samkeppnismarkaði með þeim áherslubreytingum sem því fylgir er ósamrýmanleg hugtakinu „ríkisútlit“,“ skrifar Ari Edwald.

UMRÆÐAN 25

Skjöldur hörkutól

Er tryggur fjölskyldunni og situr í stjórn vinnuvélaframtækis föður síns.

FÓLK 30




Fyrsti þjálfarinn fokinn

Gunnar Guðmundsson var rekinn frá botnliði HK í gær. HK leitar að nýjum þjálfara.

ÍÞRÓTTIR 27

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐAST BJARTVIÐRI í dag verða norðvestan 3-8 vestan til, annars hæg breytileg átt. Víðast bjartviðri til landsins en áfram má búast við þokulofti með ströndum, einkum norðan til og austan. Hiti 10-20 stig.

VEDUR 4

Íhuga málshöfðun vegna Tónlistarhúss

Félögin Fasteign og Klasi íhuga málshöfðun vegna samningagerðar um Tónlistar- og ráðstefnuhús. Þau fengu samninga afhenta eftir úrskurð Hæstaréttar.

VIÐSKIPTI Forsvarsmenn Eignarhaldsfélagsins Fasteignar hf. og Klasi hf. íhuga nú að sækja bætur vegna Tónlistar- og ráðstefnuhúss við höfnina í Reykjavík. Félögin tóku sameiginlega þátt í samningskaupferli um húsið en Austurhöfn ehf. samdi við Portusar ehf., sem er í eigu Landsbankans og Nýsis.

Fasteign og Klasi fóru fram á að fá samning Austurhafnar og Portusar afhentan. Líkt og Fréttablaðið greindi frá, neituðu samningsaðilar að afhenda samninginn. Það var kært til úrskurðarnefndar upplýsingamála sem úrskurðaði Fasteign og Klasi á vil.

Ríkiskaup kærðu þann úrskurð

til héraðsdóms og þegar hann hafði staðfest að félögunum bæri samningurinn, var áfrýjað til Hæstaréttar. Í vor féll dómur og enn og aftur Fasteign og Klasi á vil.

Hanna Lára Helgadóttir, lögmaður félaganna, segir að verið sé að skoða hvort rétt hafi verið staðið að málum við samningsgerðina að öllu leyti. Hún segir að búið sé að óska eftir frekari gögnum frá Austurhöfn, Reykjavíkurborg og Ríkiskaupum. „Þetta er töluvert flókið mál og enn flóknara þar sem gögnin voru afhent svo seint sem raun ber vitni. Félögin hafa ýmsar spurningar um samningaferlið. Lagt var út í mikinn kostnað við verkefnið og

menn vilja vera þess fullvissir að rétt hafi verið staðið að öllum málum,“ segir Hanna Lára.

Fréttablaðið óskaði eftir samningi Portusar og Austurhafnar í kjölfar dóms Hæstaréttar, en var í fyrstu hafnað. Eftir nokkra eftirgengni fékkst samningurinn afhentur, þó ekki fjárhagslegar upplýsingar.

Í tillögu Fasteignar og Klasi var gert ráð fyrir húsi sem kostaði 8,5 milljarða, en tilboð Portusar, sem var tekið, gerði ráð fyrir stofnkostnaði upp á 12 milljarða króna. Engu að síður var gert ráð fyrir sama hámarksfjármagni ríkis og sveitarfélaga, 600 milljónum árlega á samningstímanum.

- kóp



BISKUP ÍSLANDS Séra Karl Sigurbjörnsson segir að í Bibliunni séum við hvött til þess að taka vel á móti útlendingum.

Flóttamaðurinn frá Kenía:

Biskup telur illa farið með Fídel

FLÓTTAMENN Biskup Íslands, séra Karl Sigurbjörnsson, segist hafa samúð með Fídel Smára, syni Rosemary og Pauls Ramses.

„Við erum skuldbundin því að sjá til þess að fjölskyldum sé ekki sundrað. Því miður var það ekki virt hér,“ segir biskup.

Allsherjarnefnd fjallaði um málið í gær og segir Atli Gíslason þingmaður að fram hafi komið að vel hefði mátt finna aðra lausn á máli Keníamannsins, en að slíta hann frá konu og barni.

„Þessi fjölskylda kann að vera sundruð í á annað ár,“ segir hann. „Þetta er kjarninn og rauði þráðurinn í þessu máli; það er brotið gegn réttindum barnsins.“

- kóp / sjá síður 4 og 16

Björgólfur stærstur í Árvakri:

Ólafsfell kaupir Ólaf Jóhann út

VIÐSKIPTI „Það var einfaldlega kominn sá tími sem ég hafði ætlað mér að vera þarna,“ segir Ólafur Jóhann Ólafsson athafnamaður um sölu á 16,7 prósentu hlut sínum í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins. Það vakti töluverða athygli þegar Ólafur Jóhann eignaðist hlutinn, síðla árs 2005, en öllu minni þegar hann seldi. Björgólfur Guðmundsson, athafnamaður og aðaleigandi Landsbankans, keypti hlutinn.

Björgólfur ræður nú yfir þriðjungshlut í Árvakri eftir því sem næst verður komist, meðal annars í gegnum félögin Ólafsfell og Forsíðu.

- ikh / sjá Markaðinn



BIFREIÐIN ALEIDA Eldur kom upp í bifreið fjögurra pólskra ferðamanna, þriggja presta og biskups, eftir að þeir höfnuðu utan vegar við Vatnsdalshóla í Austur-Húnavatnssýslu laust eftir hádegi í gær. Mennirnir voru sjálfir komnir út úr bílnum þegar lögreglu bar að garði. Fljótlega eftir það varð bíllinn alelda að sögn lögreglu. Þrír mannanna voru fluttir á sjúkrahús á Akureyri vegna meiðsla, sem þó voru ekki mjög alvarleg. Tíldrög slyssins og eldsupptök eru óljós.

MYND/ÓMAR VILHELMSSON

Nýir eigendur koma að rekstri Tölvulistans og Mest, en Leikbær er gjaldþrota:

Eignatilfærslur í viðskiptalífínu

VIÐSKIPTI Fyrirtækið IOD, sem rekur meðal annars Sjónvarpsmiðstöðina og Heimilistæki, tók yfir heildsölu Tölvulistans fyrir um ári og á nú félagið í heild sinni. Ásgeir Bjarnason, fyrrverandi eigandi Tölvulistans, staðfestir þetta. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur Tölvulistinn barist fyrir tilveru sinni undanfarið. Lánardrottinn hafa haft áhyggjur af stöðunni og jafnvel

haft hönd í bagga með niðurstöðunni.

Breytingar hafa einnig orðið á eignarhaldi byggingarfyrirtækisins Mest. Þá varð leikfangaverslunin Leikbær gjaldþrota fyrir skemmstu. Leikfangaverslunarkeðjan Just4kids tók yfir rekstur þriggja verslana hennar. Eftir því sem Markaðurinn kemst næst keyptu heildsalar lager Leikbæjar. Nokkuð hefur verið um að

lánardrottinn hafi reynt að sigla viðskiptavinum sínum í var í óljúsgjú markaðanna nú um stundir, enda eiga margir í lausafjárerfiðleikum.

Heimildir Markaðarins herma að fullvíst sé talið að frekari eignatilfærsla á félögum verði á næstunni, þar sem sterkari aðilar taki yfir rekstur félaga sem búa ekki lengur yfir nægu eigin fé.

- ghh / sjá Markaðinn

muundu eftir mjólkinni!



Má bjóða þér léttan kaffisopa?





Sóley, sér ríkisstjórnin ekki ljósið?

„Ég vona að það sé að fæðast einhver glæta.“

Feministinn Sóley Tómasdóttir hefur talað máli ljósmæðra sem krefjast bættra launakjara.

Frekari breytingar á Íbúðalánasjóði ekki fyrirhugaðar, segir félagsmálaráðherra:

Veit ekki hvað Árni er að hugsa

FÉLAGSMÁL „Ég veit ekkert hvað hann er að hugsa“, segir Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra um ummæli Árna Matthiesen fjármálaráðherra sem birtust í Fréttablaðinu á laugardaginn.

Formaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sagði á föstudag að tímasetning Íbúðalánasjóðsaðgerðanna hefði verið óheppileg í ljósi aðgerða Seðlabankans gegn verðbólgu. Árni Matthiesen sagði að þessi ummæli væru ótímabær og breytingar á Íbúðalánasjóði væru „ekki nema brot af þeim aðgerðum sem eru fyrirhugaðar gagnvart Íbúðalánasjóði“.

Jóhanna segir engin önnur áform vera uppi en þau sem þegar hafa komið fram. „Ég veit ekki hvað hann hefur fyrir sér í þessu“, segir Jóhanna.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur ályktað um að ríkisstyrkt starfsemi Íbúðalánasjóðs brjóti í bága við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins.

„Við erum væntanlega knúin til að skipta sjóðnum í almenn lán og svo félagsleg lán. Ég hefði gjarnan viljað sjá sjóðinn óbreyttan“, segir Jóhanna.

Hún segir að byrjað sé að setja sig í þær stellingar að þurfa að breyta þessu í haust.

- vsp



JÓHANNA SIGURÐARÐÓTTIR Segist ekki vita hvað Árni Matthiesen hafi fyrir sér í ummælum um Íbúðalánasjóð.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Viðræður hjúkrunarfræðinga:

Styttist óðum í yfirvinnubann

KJARAMÁL „Já, ég er vongóð, það fer að styttest í yfirvinnubann og því meiri pressa á báða aðila því nær sem dregur“, segir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Fundi félagsins með samninganefnd ríkisins var frestað í gær, en þráðurinn verður tekinn upp að nýju í dag.

Elsa segir ekkert eitt ágreiningsatriði standa upp úr, verið sé að setja saman góðan heildarsamning sem allir geti sætt sig við. Yfirvinnubann hjúkrunarfræðinga skellur á klukkan 16 á fimmtudag, að öllu óbreyttu.

- kóp



TVEIR VIÐSKIPTARÁÐHERRAR Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra ásamt kollega hans frá Slóvakíu. FRÉTTABLAÐIÐ/MAREL

Slóvakar evruvæðast 2009:

Fengu grænt ljós hjá ESB í gær

EFNAHAGSMÁL Fjármálaráðherra Evrópusambandsins veltu síðustu hindruninni fyrir evruvæðingu Slóvakíu úr vegi í gær.

Lúbomír Jahnátek, viðskiptaráðherra Slóvakíu, segir í samtali við Markaðinn að sátt sé um upptöku evrunnar í Slóvakíu enda hafi verið stefnt að henni allt frá því að landið gekk í ESB fyrir fjórum árum. Evra verður tekin upp í Slóvakíu um næstu áramót. Vegna aðstæðna í efnahagslífi annarra Evrópuþjóða stefnir allt í að Slóvakía verði síðasta landið til að evruvæðast á þessum áratug.

- job / sjá Markaðinn

Óvart hringt í Neyðarlínuna:

Tíu þúsund hringja óvart

FJARSKIPTI Neyðarlínan fær á hverju ári um tíu þúsund hringingar úr sínum í vösum fólks þar sem númerið 112 hefur fyrir slysi slegist inn. Þetta segir Kristján Hoffmann, yfirmaður varðstofu Neyðarlínunnar.

„Þetta er í sjálfu sér algengur hlutur. Neyðarlínan er eins opin fyrir hringingum og hægt er“, segir Kristján. Hægt er að slá inn númer Neyðarlínunnar þó að lykklaborð síma sé læst og það er ókeypis fyrir hringjandann.

- gh

Ekkert gufubað við Laugarvatn næstu ár

Heilsulind Gufu ehf. við Laugarvatn verður líklega tilbúin 2010. Aðstaða við gamla baðið rifin í fyrra. Deilur um Gjábackaveg töfðu. Óánægja er meðal heimamanna með frágang á svæðinu. Byggingarfélag námsmanna er hluthafi.

SKIPULAGSMÁL Á Laugarvatni er nú ekki starfrækt gufubað líkt og verið hefur um áratugaskeið. Aðstaða við gamla gufubaðið var rifin í fyrra því ætlunin er að reisa nýja og glæsilega heilsulind á svæðinu. Þorsteinn Kragh, einn talsmanna verkefnisins, sagði við Fréttablaðið árið 2006 að jafnvel yrði hægt að opna nýju aðstöðuna í september árið 2007. Framkvæmdir eru ekki hafnar.

Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar, segir gufubað vera eitt af sérkennum staðarins. „Við bíðum eftir að þetta rísi og heilsulindin verði að veruleika. Ég hef fulla trú á verkefninu“, segir Valtýr.

Spurður hvort menn hafi verið of fljótir á sér að rífa gömlu aðstöðuna segir hann að það hafi verið gert miðað við fyrirliggjandi plön þá. „Menn voru að vinna miðað við áætlanir þess tíma. Fyrirtækið verður að svara fyrir framkvæmdirnar, við höfum ekki fengið neina dagsetningu frá þeim. En þjónustuna vantar.“

Fyrirtækið Gufa ehf. stendur að framkvæmdunum. Byggingarfélag námsmanna á stóran hlut í fyrir-



ENGIN GUFA Engin aðstaða hefur verið við gufubaðið að Laugarvatni í tvö ár. Heimamenn lauma sér þó stundum í gufu, því sjálft gufubaðshúsið stendur enn. MYND/EGILL

tækinu. Fyrirverandi framkvæmdastjóri þess, Benedikt Magnússon, sat í stjórn þess. Hann sætir nú rannsókn efnahagsbrotadeildar lögreglu.

Kristján Einarsson, framkvæmdastjóri Gufu, segir að margt skýri þær tafir sem orðið hafi á framkvæmdunum. Nefna megi Gjábackaveg, en framkvæmdir á Laugarvatni hafi átt að haldast í hendur við þá samgöngubót. „Við vonumst til þess að geta boðið

verkefnið út í haust. Þetta er heilmikil framkvæmd og gangi allt vel ættum við að geta hafið starfsemi vorið 2010.“ Þá verða fjögur ár frá því gamla aðstaðan var rifin.

Hollvínasamtök Smíðahúss og gufubaðs á Laugarvatni beittu sér fyrir stofnun Gufu ehf. Samtökin hafa fengið níu milljónir króna frá Húsafriðunarnefnd vegna gufubaðs og smíðahúss á Laugarvatni, þar af fimm og hálf milljón af fjárlögum.

Grímur Sæmundsen, framkvæmdastjóri Bláa lónsins, segir tafirnar ekki skaða fyrirtækið. Hann segir að um fjárfestingu upp á 200 til 300 milljónir sé að ræða og rekstur upp á 100 til 150 milljónir króna á ári.

Nokkuð hefur borið á óánægju heimamanna með tafir og frágang á verkefninu. Svæðið er girt af, en engar merkingar er að finna um hvað sé væntanlegt og hvenær.

kolbeinn@frettabladid.is

STÓRHUGA ÁÆTLANIR

„Reksturinn hættir í núverandi mynd 15. ágúst næstkomandi. Í kjölfarið verður allt rífið svo hægt verði að reisa þarna japönsk böð og tyrknesk, eim-böð og alls konar laugar. Hins vegar höldum við eftir gamla gufubaðinu og það verður reynt að halda því í sem upprunalegastri mynd, þannig að eimi enn eftir af gömlu nostalgíunni.“

Þorsteinn Kragh í samtali við Fréttablaðið 8. apríl 2006.

Þorsteinn situr nú í gæsluvarðhaldi vegna gruns um aðild að innflutningi á um 190 kílóum af kannabisefnum til landsins með Norrænu.

Samfylkingin ræðir við Framsókn um myndun nýs meirihluta í Grindavík:

Meirihluti í Grindavík sprakk

SVEITARSTJÓRNARMÁL Samfylkingin í Grindavík hefur slitið meirihlutasamstarfi sínu við Sjálfstæðisflokkinn. Oddviti Samfylkingarinnar, Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, staðfesti þetta við Fréttablaðið í gærkvöld. Þá var hún á leið á fund þar sem bæjarfulltrúar Samfylkingar funduðu með framsóknarmönnum um myndun nýs meirihluta í bænum. Hún sagðist eiga von á því að eftir fundinn yrði einhverra tíðinda að vænta. Engin tíðindi höfðu enn borist af fundinum þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Að sögn Jónu Kristínar, sem er forseti bæjarstjórnar auk þess að vera oddviti Samfylkingarinnar, voru brestir í samstarfinu. „Í rauninni get ég bara sagt að það hefur verið skortur á trúnaði og meira samráði í málu sem hafa, finnst mér, skipt miklu máli.“ Hún

vildi ekki telja upp nákvæmlega um hvaða mál væri að ræða, en sagði aðspurð að málefni Hítaveitu Sudurnesja væru þeirra á meðal. „Hítaveitan er alltaf innan seilingar“, sagði hún. Þar hefði verið skoðanaágreiningur, eða „meiningarmunur“ á milli flokkanna.

Umdeild landakaup við Bláa lónið í upphafi kjörtímabils voru samkvæmt heimildum einnig ástæða meirihlutaslutanna. Jóna Kristín staðfesti að þessi umdeildu landakaup hefðu haft sitt að segja, en að þau væru eitt marga mála sem urðu til þess að ákveðið var að slíta samstarfinu.

- þeb

JÓNA KRISTÍN Oddviti Samfylkingarinnar og forseti bæjarstjórnar fundaði ásamt samflokksmönnum sínum og bæjarfulltrúum Framsóknarflokksins um myndun nýs meirihluta í Grindavík.



MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI

Ertu að fara í ferðalag?

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!

Framandi matur, önnur flóra, óvenjulegir matmálstímar, annað hitastig, vökvatap – allt þetta getur sett meltinguna úr skorðum, truflað ónæmiskerfið, valdið magakveisu og vanlíðan. Dragðu úr áhættunni og taktu LGG+ með þér í ferðalagið, það hefur mikið mótstöðuafli.



HEFTA HÖSÍÐ / SÍTA

ISUZU D-MAX

ISUZU

PALLBÍLL

SEM DREGUR 3 TONN



ISUZU D-MAX SJÁLFSKIPTUR

aðeins: **3.690.000 kr.**

3,0 l díselvél 163 hestöfl, **3ja tonna dráttargeta**,
aksturstölva, loftkæling, skriðstillir, rafmagn í speglum,
ljóskastarar í framstuðara, hjómflutningstæki



REYNSLUAKSTUR OG RJÚKANDI PYLSUR Í HÁDEGINU

PANTAÐU HEIMSÓKN Í FYRIRTÆKIÐ ÞITT!
Sími 525 8000 eða tölvupóstur: ihadeginu@ih.is



Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH
INGVAR HELGASON

GAJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	76,85	77,21
Sterlingspund	151,73	152,47
Evra	120,70	121,38
Dönsk króna	16,183	16,277
Norsk króna	15,053	15,141
Sænsk króna	12,814	12,890
Japanskt jen	0,7202	0,7244
SDR	124,97	125,71

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
155,0526
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eigendur nektardansstaða bíða enn eftir niðurstöðu lögreglustjóra um leyfi:

Nektardansstaðir enn í óvissu

STJÓRNSÝSLA „Óvissan er slæm en við treystum því að unnið sé faglega að málinu,“ segir Halldór H. Backmann, lögmaður veitingastaðarins Óðals sem í meira en hálf ár hefur beðið niðurstöðu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu varðandi nektardansleyfi.

Borgarráð veitti í nóvember neikvæða umsögn um umsókn veitingastaðanna Óðals, Bóhems og Vegas um leyfi til nektardanssýninga. Þá réði Tjarnarkvartettinn svokallaði ríkjum í borgarstjórn.

Í ágúst 2007, þegar meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks var við völd, hafði borgarráð hins vegar veitt jákvæða umsögn



HALLDÓR H. BACKMAN Lögmaður Óðals er ósáttur við stöðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL vegna nektardansleyfanna. Lögreglustjóri sendi þá málið aftur til umsagnar hjá borginni og fékk þá hina neikvæðu umsögn Tjarnarkvartettsins sem var borgar-

fulltrúum Sjálfstæðisflokks ekki að skapi. Tóku þeir undir með lögmonnum veitingastaðanna að borgarráð færi út fyrir hlutverk sitt sem umsagnaraðili með því að bera við sjónarmiðum um mansal og mannréttindi.

„Þetta er alger geðþóttaákvörðun,“ sagði Gísli Marteinn Baldursson í Fréttablaðinu 24. nóvember í fyrra og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson tók í svipaðan streng: „Við verðum að gæta okkar að fara að lögum.“ sagði hann. Þótt sjálfstæðismenn séu nú við stjórn telur Halldór það litlu breyta því ótrúlegt sé að lögreglustjóri óski í þriðja sinn eftir umsögn borgarinnar. -gar

Heilsuverndarstöðin bregst við:

Upplýsingum um veikindi eytt

PERSÓNUVERND Allir starfsmenn dvalarheimilisins Grundar munu undirrita sérstakan samning þess efnis að þeir samþykki að tilkynna fjarvistir sínar til Heilsuverndarstöðvarinnar.

Þetta er gert í kjölfar úrskurðar Persónuverndar í apríl. Þar komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að með skráningu upplýsinga um veikindi sautján ára gamallar starfsstúlku á Grund, án samþykkis forráðamanna, hefði Grund brotið fyrrgreind lög.

Heilsuverndarstöðin hefur nú eytt öllum upplýsingum um stúlkuna úr gagnagrunni. -þeb



JAMES BAKER Formaður þingnefndar sem vill takmarka völd forseta til að lýsa yfir stríði. NORDICPHOTOS/AFP

Bandarísk þingnefnd:

Samþykki þings þurfi fyrir stríði

BANDARÍKIN, AP Bandarísk þingnefnd mælir með því að þingið setji lög, sem geri forseta skylt að leita samþykkis þingsins áður en hann lýsir yfir stríði á hendur öðru ríki.

Formenn nefndarinnar eru repúblikaninn James Baker og demókratinn Warren Christopher, en þeir eru báðir fyrrverandi utanríkisráðherrar Bandaríkja-anna.

Í skýrslu nefndarinnar, sem kynnt var í gær, segir að nógildandi lög um stríðsrekstur séu meingölluð vegna þess að þar er ekki gert ráð fyrir að forseti og þing fari saman með stríðsýfirlýsingavald í Bandaríkjunum, heldur sé það vald alfarið á hendi forseta. -gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldur í bíl á gatnamótum

Eldur kviknaði í bifreið á gatnamótum Miklubrautar og Háaleitisbrautar um klukkan hálféitt í fyrrinótt. Vel gekk að slökkva eldinn og hafði hann verið slökktur um fimmtán mínútur eftir að slökkvilið kom á vettvang.

Reykur og ólykt frá potti

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út að húsi í Sundahverfi í Reykjavík seint í fyrrinótt vegna reyks og ólyktar sem stafaði frá potti á eldavél. Engin eldur var í íbúðinni en slökkvilið reykræsti íbúðina.

Vísuð mest til Dyflinnar

Af Norðurlöndunum sendir Ísland hlutfallslega flesta aftur til fyrsta móttökuríkis. „Þetta á að snúast um hvort fólk þurfi á hælina að halda eða ekki,“ segir talsmaður Flóttamannastofnunar SP í Svíþjóð.

FLÓTTAMENN Íslensk yfirvöld nýta sér endursendingarréttinn í Dyflinnarsamningnum meira en allar aðrar norrænar þjóðir. Nærri tvisvar sinnum oftar en Finnar og riflega fjórum sinnum oftar en Norðmenn, okkar næstu nágrannar.

Alls sendu íslensk yfirvöld 38 prósent flóttamanna í annað land með tilvísan í ákvæðið. Norðmenn sendu 8,6 prósent og Finnar 21,68.

Hafa ber í huga að mikill munur er á fjölda þeirra sem sækja um hér og erlendis. Þannig sóttu 6.528 um hæli í Noregi en 42 á Íslandi.

„Við hjá Flóttamannastofnun leggjum áherslu á að samkvæmt Dyflinnarsamningnum þurfa lönd alls ekki að senda fólk til ríkisins sem tók fyrst við því,“ segir Hanne Mathiesen, talsmaður Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna í Svíþjóð.

„Ríkin þurfa ekki að beita samningnum, hvert ríki getur séð um umsóknirnar sjálf. Sérstaklega á þetta við, ef ástæða er til að ætla að hælisleitandinn fái ekki réttláta málsmeðferð í landinu sem hann er sendur til. Einnig ef einstaklingurinn er veikburða og ef fjölskyldutengsl koma til,“ segir hún.

Mathiesen segir stofnunina hvetja til þess að meðferð mála sé samræmd milli Evrópulanda.

„Svo þetta verði ekki lotterí. Fólk ætti ekki að fá mismunandi meðferð, eftir því í hvaða landi það sækir um hæli. Það á ekki að skipta máli. Þetta á að snúast um hvort fólk þurfi á því að halda að vera veitt staða flóttamanns eða ekki,“ segir hún.

Allsherjarnefnd alþingis fjallaði um mál Pauls Ramses í gær. Atli Gíslason, þingmaður VG, segir að þar hafi fulltrúar Útlendingastofnunar viðurkennt að full



FRÁ FUNDI ALLSHERJARNEFNDAR „Já, að sjálfsgöðu finnst mér sjálfsagt að málið sé skoðað,“ segir Ellert B. Schram þingmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

harkalega hafi verið farið í mál Pauls Ramses frá Kenía, eftir á að hyggja. Að Útlendingastofnun hefði ekki kannað aðstæður á Ítalíu: „Það þarf að finna lausn á þessu strax. Þá er ég fyrst og síðast að hugsa um velferð barnsins,“ segir Atli.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar sagði fréttamönnum í gær að henni virtist „harðneskjulegt“ að tvístra kenisku fjölskyldunni.

klemens@frettabladid.is

SVARA ALLS EKKI

Forstjóri Útlendingastofnunar hefur ekki viljað svara spurningum um mál stofnunarinnar. Hvorki sértækum spurningum um mál Pauls Ramses, né almennum um stefnu yfirvalda og starfsemi stofnunarinnar.

Nokkrar spurningar sem hann svara ekki:

- Er ekki venja hjá Útlendingastofnun að láta fólk vita hvenær því verður

- vísað úr landi? Að minnsta kosti í mánuðum talið?
- Hvernig skýrir þú hátt hlutfall brottvísana frá Íslandi, á grundvelli Dyflinnarsamningsins, miðað við hin Norðurlöndin?
- Sendir Útlendingastofnun ekki þau gögn, sem umsækjendum um hæli fylgja, til þess lands sem tekur við þeim?
- Hafið þið kannað aðstæður flóttamanna á Ítalíu?
- Dómsmálaráðherra svaraði heldur ekki.

ÍSLAND Í SAMANBURÐI VIÐ NÁGRANNALÖNDIN:

Umsækjendur:
Svíþjóð: 36.207
Noregur: 6.528
Danmörk: 2.226
Finnland: 1.434
Ísland: 42

Sendir heim á grundvelli Dyflinnar:
Svíþjóð: 3.709
Noregur: 560
Danmörk: 358
Finnland: 311
Ísland: 16

Hlutfall:
Svíþjóð: 10,24%
Noregur: 8,57%
Danmörk: 16,08%
Finnland: 21,68%
Ísland: 38,09%


VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

VÆTA UM HELGINA

Um helgina má búast við nokkrum breytingum á veðrinu. Er að vænta að það verði víðast fremur skýjað og sumstaðar dálítill væta, einkum sunnan og vestan til og þá meiri úrkoma á sunnudag en laugardag. Hitinn verður þá um 10-15 stig.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	20°
Billund	20°
Ósló	25°
Stokkhólmur	22°
Gautaborg	20°
Helsinki	20°
Eindhoven	19°
Amsterdam	19°
London	20°
Berlín	22°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	25°
París	23°
Basel	24°
Barcelona	27°
Alicante	30°
Algarve	28°
Tenerife	22°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Pevaryl®

Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum



Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Pevaryl® - Pevaryl Depot® (ekónazolól krem (skeiðarkrem) 1%, skeiðarstílar 150 mg og skeiðarstílar með forðaverkun 150 mg. Pevaryl er fánlegt án lyfseðils og er notað við sveppasýkingu í leggöngum og á ytri kynferum af vökluðum candida albicans. Lyfið er ekki ærlað börnum. Þeir sem hafa snertofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfisins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl skeiðarstílar og krem innihalda efni sem geta eyðt höndum og verja sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota Pevaryl skeiðarstíla og krem með þessum getnaðarvörum. Nákvæmar leiðbeiningar um skammtun fylgja lyfinu. Leiðir til lækis eða lyfjafæðings ef þú ert á frekari upplýsingum um lyfin. Lesið fylgiseðilinn vandlega áður en byrjabir þú að nota lyfið. Handhafið markaðsleyfis: Janssen-Cilag AB. Umbjóð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.



PALLHÚS*
Frí ásetning



POPPAÐU UPP PALLBÍLINN!

Pallhús og annar aukabúnaður á margar gerðir pallbíla



Álbox í ýmsum stærðum
15% afsláttur



Glugga-, ljós og húddhlífar
Frí ásetning



Aukaljós á bíla
15% afsláttur



Pallkistur
Frí ásetning



INNO farangursbox
Frí ásetning



Palldúkur
Frí ásetning



Sætahlífar á sæti og bekki
30% afsláttur



Dekk og felgur
15% afsláttur



Grillgrindur
Frí ásetning



INNO toppgrindafestingar
Frí ásetning

Arctic Trucks • Kletthálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími 540 4900 • www.arctictrucks.is

* Þétting á pallhlara ekki innifalin

KJÖRKASSINN



Vilt þú nýja ríkisstjórn?

Já	68,4%
Nei	31,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu ánægð/ur með nýrri tillögur um skipulag á Kársnesi?

Segðu skoðun þína á visir.is



Nýr rammasamningur: Útboð á rekstri læknastofu

HEILBRIGÐISMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðgjafi hefur kynnt fyrir ríkisstjórn samning um þjónustu heimilislækna á læknastofum utan heilsugæslustöðva. Þetta er rammasamningur til fimm ára. Á grundvelli hans er stefnt að útboði á rekstri læknastofu þriggja til fimm heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu síðar á árinu.

Samningurinn miðast við að þeir eða fleiri heimilislæknar sameinist um faglegt samstarf og rekstur heilsugæslu- og læknastöðvar. Þjónustan skal að jafnaði unnin á læknastofunni en læknur verður einnig auðveldað að sinna vitjunum hjá sjúklingum sem ekki eiga heimangengt.

Unnið er að gerð sambærilegs samnings við sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga. - ghs

DÓMSMÁL

Dæmdur smyglari ók á lyfjum
Tæplega fertugur maður hefur verið dæmdur til að greiða 100 þúsund króna sekt í ríkissjóð fyrir akstur undir áhrifum amfetamins og óvirknilyfja. Hann var einnig sviptur ökurétti í átta mánuði. Maðurinn hlaut nýverið dóm fyrir aðild að innflutningi á 700 grömmum af kókaíni.

Stuðningsfólk ljósmæðra fjölmennti fyrir framan stjórnarráðið í gærmorgun:

Segja málið rammpólítískt

LJÓSMÆÐUR „Líðan og öryggi kvenna er í húfi“, segir í áskorun sem var lesin fyrir utan stjórnarráðið í gærmorgun áður en ríkisstjórnarfundur hófst.

Stuðningsfólk ljósmæðra fjölmennti á baráttufund fyrir utan stjórnarráðið í gærmorgun til að styðja við launabaráttu þeirra. Eydis Hentze sem var einn skipuleggjandi fundarins segir málið vera rammpólítískt.

„Þetta er kvennastétt sem þjónustar einungis konur. Starf þeirra er táknrænt fyrir sjálfræði kvenna og yfirráða þeirra yfir eigin líkama. Þannig er þetta mál mjög pólitískt, því það snýst um

grunnréttindi kvenna,“ segir Eydis.

Í áskoruninni voru tíunduð loforð stefnuvísing ríkisstjórnarinnar. „Ríkisstjórn sem stefnir að jafnrétti í reynd getur ekki virt þarfir og störf kvenna að vettugi, heldur verður hún að beita sér í þágu stéttarinnar [ljósmæðra] og fæðandi kvenna.“

Geir H. Haarde forsætisráðgjafi tók við áskorun stuðningshópsins. „Mál sem þessi eru ekki leyst fyrir framan stjórnarráðið heldur er þetta gert við samningaborðið. Þið vinnið gríðarlega mikilvæg störf og ég vona að það gangi vel að leysa þetta mál á réttum



STUÐNINGSFÓLK LJÓSMÆÐRA Afhent var áskorun til ríkisstjórnarinnar um að leiðrétta laun ljósmæðra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

vettvangi,“ sagði Geir þegar honum var afhent áskorunin. - vsp

Danskir ásatrúarmenn:

Fá eigin grafreit í Óðinsvéum

DANMÖRK Ásatrúarmenn í Danmörku, sem trú á norrænu guðina Þór, Óðin og Loka, fá nú í fyrsta sinn eigin grafreit.

Sveitarfélagið Óðinsvé hafa gefið grænt ljós á að koma upp grafreit að heiðnum síð í Assistent-kirkjugarðinum í miðbæ Óðinsvéa síðar á þessu ári. Áður hafa ásatrúarmenn geta valið milli þess að láta dreifa ösku sinni úti á hafi eða að hljóta legstað í kirkjugarði.

Fjöldi félaga í stærsta ásatrúarfélaginu í Danmörku, Forn síð, hefur þrefaldast frá því að félagið fékk formlega stöðu sem trúfélag í Danmörku árið 2003. - ghs

Rekstur Heilbrigðisstofnunar Austurlands er í uppnámi

Heilbrigðisstofnanir úti á landi eiga við rekstrarvanda að stríða. Sérstaklega er ástandið slæmt á Austurlandi þar sem stjórnendur ráða ekki einir við vandann. „Erum í úlfakreppu,“ segir framkvæmdastjóri.

HEILBRIGÐISMÁL Stóru heilbrigðisstofnanir úti á landi eiga við rekstrarvanda að stríða. Einkum er ástandið slæmt á Heilbrigðisstofnun Austurlands, HSA, en þar nemur hallinn eftir fyrstu fimm mánuði ársins rúmum 200 milljónum króna. „Við erum í úlfakreppu og sívaxandi rekstrarvanda,“ segir Stefán Þórarinnsson, framkvæmdastjóri lækninga á HSA.

Heilbrigðisstofnun Austurlands fékk tíu prósentum minni fjárveitingu en gert var ráð fyrir að samkvæmt rekstraráætlun stjórnenda og veltir rúmum tveimur milljónum króna á þessu ári. Heilbrigðisstofnunin er nú komin í vanskil við birgja og ástandið er erfið.

PORVALDUR INGVARSSON

„Það verður erfiðara og erfiðara að reka stofnunina. Hún hefur verið að ganga í gegnum breytingar, fólk hefur fjölgað mikið og



STÖÐUGT ERFIÐARA Heilbrigðisstofnun Austurlands er í verulegum fjárhagsvanda og meðal annars komin í vanskil við birgja. „Það verður erfiðara og erfiðara að reka stofnunina,“ segir Stefán Þórarinnsson lækningaforstjóri.

álág verið vegna byggingaframkvæmda. Þessi vöxtur hefur að hluta til verið greiddur af sértekjum vegna álversins eða stíflunnar. Við höfum misst þessar tekjur með minnkandi framkvæmdum,“ segir Stefán.

„Íbúum og starfsmönnum álversins þurfum við að sinna eftir

sem áður. Við þurfum að reka sex vinnuvæði og tólf vinnustaði og veita aðallega grunnþjónustu. Við getum ekki látið þetta hverfa, lokað og vísað á LSH eða Reykjavík. Við erum í vanda og það er ekki gott,“ segir hann.

Stefán segir að stjórnendur hafi strax í upphafi ársins gert heil-

brigðisráðuneytinu grein fyrir að þetta væri stærri vandi en svo að þeir gætu ráðið einir við hann. „Maður skilur að ráðuneytið hefur ekki mörg úrræði. Þegar fjárveitingin er svona kröpp er það í klemmu með málið,“ segir Stefán.

Fleiri stofnanir úti á landi eiga við fjárhagsvanda að stríða. Þorvaldur Ingvarsson, framkvæmdastjóri á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, FSA, segir hallann 60 milljónum króna eftir fyrstu fimm mánuði ársins. Beðið er fjárlagala. Á Ísafirði nemur hallinn tæpum 24 milljónum en Þröstur Óskarsson framkvæmdastjóri býst við að staðan skáni eftir því sem líður á árið. Útgjöld dreifist ójafnt yfir árið þess vegna batni staðan. Á Akranesi nemur hallinn tæpum 14 milljónum krónum, meðal annars vegna launþróunar. Sigríður Snæbjörnsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, HSS, sendi frá sér þau skilaboð nýverið að nauðsynlegt væri að draga úr þjónustu heilsugæslunnar vegna fjárhagskorts. Hún er nú í viðræðum við ráðuneytið. ghs@frettabladid.is

Umhverfisvottaðar vörur

- fyrir sumarbústaðinn, veiðihúsið og ...

ECOLAB Satiné Clean, gólfþápa
Brial Clean, alhlíða hreinsiefni
Kristalin Clean, baðherbergishreinsir
Into WC Clean

Lotus eldhúsrúllur
Lotus Marabon Plus
Lotur T-þurrkur
Lotus V-þurrkur

Lotus WC pappír
Lotus WC Júmbó

Servíettur NexxStyle 39x39cm 80stk, ýmsir litir

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Nánari upplýsingar veita sölumenn og ráðgjafar RV

Hvernig gengur „Framlagið gegn verðbólgunni“?

Hekla búin að hækka, ekki Ikea

Björn Gunnarsson skrifar: *Hekla lækkadi verð á nýjum bílum sínum með miklu húllumhæi í maí. Viðskiptaráðgjafi og fleiri mættu í gleðina. Forseti ASÍ lýsti ánægju sinni með framtakið og forstjóri Heklu gerði mikið úr málinu og sagði þetta framtak þeirra framlag gegn verðbólgunni. Þeir auglýstu reyndar „allt að 17% lækkun“ sem reyndist svo bara vera á einhverjum Audi sem seldist í örfáum eintökum. Lækkunin á algengustu bílunum var ca 10% sem er hið besta mál. Nú hafa þeir hinsvegar hækkað aftur. Þannig að framlagið gegn verðbólgunni er greinilega hætt.*

Þann 2. maí birtist auglýsing frá Heklu þar sem meðal annars stóð: „Varanleg verðlækkun um allt að 17% er okkar framlag til að ná verðbólgunni niður“. Sama dag birtist frétt um málið í Fréttablaðinu. Með fréttinni fylgdu fimm dæmi um verðlækkunir. Nú hafa allir bílarnir í dæminu hækkað, um 110 til 265 þúsund krónur, eða að jafnaði um tæplega fimm prósent (sjá töflu). „Varanlegur“ þýðir samkvæmt Orðabók Menningarssjóðs „það sem endist, varir lengi, end-

DR. GUNNI gunnarh@frettabladid.is



VERÐLÆKKUN FAGNAD Í BYRJUN MAÍ Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðgjafi „húllumhæi“ með Sverri og Knúti Haukssonum hjá Heklu.

ingarmikill“. Rúmlega tveir mánuðir eru liðnir síðan verðbólguframlag Heklu var kynnt.

Ásamt Heklu var það helst Ikea sem reyndi að berjast gegn verðbólgunni. Þann 29. mars síðastliðinn mátti lesa í Fréttablaðinu að óbreytt verð héldist á öllum vörum Ikea til 15. ágúst næstkomandi. Tilkynning var send í tilefni af fréttaflytningi um

verðhækkunir á innfluttum vörum eins og húsgögnum og raftækjum vegna veikingar íslensku krónunnar. „Ikea mun standa við uppgjöf verð eins og það er auglýst í Ikea-bæklingnum“, sagði í fréttinni. Þetta hefur gengið eftir. Von er á nýjum Ikea-bæklingi í byrjun september og þá má búast við verðhækkunum á vörum fyrirtækisins.

VARANLEGU VERÐLÆKKUNARBÍLAR HEKLU

Tegund	Fyrir lækkun	Eftir lækkun	Verð nú
VW Golf Treadline 1.6 beinsk.	2.560.000	2.280.000	2.390.000
Skoda Octavia 1.9 TDI sjálfsk.	3.050.000	2.770.000	2.890.000
Audi A4 TFSI beinsk.	5.090.000	4.220.000	4.430.000
Mitsubishi Pajero DID sjálfsk.	5.970.000	5.350.000	5.615.000
KIA Sorento EX 2.5	4.420.000	3.995.000	4.190.000

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

20% afsláttur

af öllum hjólum 9.-13. júlí



2 BOÐSMÍÐAR FYLGJA
HVERJU HJÓLI!

CROSS
Speedster 20"



RALEIGH
Butterfly 20"

OPIÐ
til **20**
alla daga



Prostyle
White Pearl 24"

Munið eftir hjálmunum



Fyrsta skipti á Íslandi

Monty trial hjól

www.monty.es Monty fæst eingöngu í Hagkaupum Smáralind og Garðabæ



MONTY



CROSS

RALEIGH

Prostyle

ULTRA

Gildir til 13. júlí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARID?



- 1 Hvar rís metanstöð sem taka á í notkun í ágúst?
- 2 Hvað heitir sonur Keníumannsins Pauls Ramses sem vísað var úr landi fyrir helgi?
- 3 Hvaða fræga leikskáld og leikara hefur Baltasar Kormákur ráðið til að leika stórt hlutverk í nýrri Hollywood-mynd?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Óvæntur rekstrarvandi veldur hækkunum hjá Byggingafélagi námsmanna:

Leiga hækkar um 15 prósent

HÚSNÆÐISMÁL Húsaleiga og hússjóður í íbúðum Byggingafélags námsmanna (BN) munu hækka um 15 prósent um næstu mánaðamót. Þetta kemur fram í tilkynningu á heimasíðu félagsins.

Einnig kemur fram að félagið horfist um þessar mundir í augu við óvæntan rekstrarvanda sem bregðast þurfi við. Sigurður Grétar Ólafsson, formaður stjórnar BN, vildi ekki greina Fréttablaðinu frá því í hverju rekstrarvandinn felst. Í síðustu viku var greint frá því að leiga á Stúdentagöðum fyrir Háskóla Íslands, sem Félagsstofnun stúdenta rekur, muni hækka um 5,25 prósent vegna hækkunar á

MEÐALÍBÚÐ HÆKKAR UM 10 ÞÚSUND

Byggingafélag námsmanna á og rekur um 530 íbúðir. 26 þeirra eru á Laugarvatni og mun leiga á þeim ekki hækka.

Dæmi um verðmun:

■ Einstaklingsíbúð við Kapellustíg

kostar nú í heild 67.137 krónur en mun við 15 prósent hækkun fara í 77.013 krónur.

■ Paraíbúð við Kapellustíg kostar nú 85.583 krónur en mun með 15 prósent hækkun fara í 98.033 krónur.

fasteignagjöldum. Sigurður segir þessa hækkun á fasteignagjöldum aðeins vera eina af mörgum ástæðum fyrir hækkunum BN.

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur málefni byggingafélagsins til rannsóknar. Forráðmenn þess lögðu fram kæru eftir ítarlega úttekt KPMG á rekstri

félagsins í kjölfar skyndilegs brottþvarfs fyrrum stjórnarformanns. Grunur leikur á að fyrrum forráðamenn félagsins hafi hagnast verulega á því, meðal annars með því að semja við framkvæmdaaðila án útboðs og nota eigin fyrirtæki til að flytja inn búnað í stúdentaíbúðirnar og selja á of háu verði.

- þeb

Ferðamenn í kvöldgöngu:

Bjargað úr sjálfheldu í þoku

LÖGREGLUFRÉTTIR Tveimur ferðamönnum var bjargað úr sjálfheldu í þoku í Eyrarfjalli við Ísafjörð í fyrrinótt.

Ferðamennirnir, sænsk kona og franskur maður, höfðu lagt í göngu á fjallið undir kvöld. Um miðnætti skall á svartapoka, ferðamennirnir komust því ekki niður aftur og höfðu samband við lögreglu.

Björgunarsveitarmenn ásamt lögreglu fóru og sóttu fólkíð sem fannst um klukkan tvö í fyrrinótt. Fólkíð var komið niður af fjallinu riflega klukkustund síðar, þreytt en að öðru leyti vel á sig komið.

- ht

Leyfi fyrir álveri afturkallað:

Spyrðu ekki ráðherrann

IÐNAÐUR Sveitarfélögin Garður og Reykjanesbær hafa afturkallað byggingarleyfi fyrir álveri í Helgúvík og gefið út ný í staðinn.

Ástæðan er sú að eldri útgáfa leyfisins hefði mátt vera staðfest af ráðherra sveitarstjórnarmála, samgönguráðherra, en hans samþykki var víst ekki leitað.

Nú hefur nýtt leyfi verið gefið út og á þann hátt að ekki er þörf fyrir ráðherrasamþykki.

Náttúruverndarsamtök Íslands ætla að kæra nýju leyfin, enda hafi í þeim ekki verið tekin afstaða til álits Skipulagsstofnunar um álverið.

Samtökin rifja upp í tilkynningu að í því áliti hafi sagt að ganga þyrfti frá losunarheimildum fyrir iðnaðinn í Helgúvík, sem og orkuöflun og öðru, áður en hafist væri handa við að byggja álverið.

- kóp

Nýtt mat nefndar sjávarútvegsráðherra:

Kræklingarækt möguleg á Íslandi

SJÁVARÚTVEGUR Hægt væri að byggja upp samkeppnishæfa kræklingarækt á Íslandi líkt og gert hefur verið í Kanada.

Þetta er mat nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði seint á síðasta ári til að kanna stöðu og möguleika kræklingaræktar á Íslandi.

Eftirspurn eftir kræklingi vex auk þess sem nefndin telur líklegt að verðið haldist hátt vegna skorts á hefðbundnum ræktunarsvæðum kræklinga í Evrópu. Þá falli uppskerutími á Íslandi vel að sveiflum í ræktuninni annars staðar.

Nefndin vill að skipaður verði samráðshópur um ræktunina sem

komi með hugmyndir til ráðherra um ræktunarsvæði. Til þess þarf að kanna heilnæmi svæðanna og leggja mat á tíðni eittraðra svifþörungna.

Einnig er lagt til að mælingar á þörungaeitri og kadmíum í uppskeru verði í upphafi fjármagnaðar úr ríkissjóði.

Nefndin telur mikilvægt að hægt verði að sækja um styrki í opinbera sjóði til þess að aðlaga ræktunartækni að hverju svæði fyrir sig.

Einnig er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið láti kanna bestu leiðir fyrir ferskan krækling á Evrópumarkað.

- ht



LEIÐTOGAR RÆÐAST VIÐ Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti, George W. Bush Bandaríkjaforseti, Dmitri Medvedev Rússlandsforseti og Gordon Brown forsætisráðherra Bretlands.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árangurinn sagður lítill

Leiðtogafundur G8-ríkjanna hefur samþykkt almennta stefnu í loftslagsmálum, en án skuldbindinga. Gagnrýnendur segja markmiðin of hógvæ. Fundinum í Japan lýkur í dag.

JAPAN, AP Gagnrýnisráddir segja markmið G8-hópsins um að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda, sem samþykkt voru á leiðtogafundi hópsins í Japan í gær, vera innantóm orð sem hafi lítill áhrif í raun.

Leiðtogafundurinn samþykkti í gær að stefnt skuli að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 50 prósent fyrir árið 2050. Á síðasta ári höfðu leiðtogar sömu ríkja samþykkt, á fundi sínum í Heiligendamm í Þýskalandi, að íhuga alvarlega hvort ekki skuli stefna að þessu markmiði.

„Að staðfesta niðurstöður síðasta fundar telst varla stórkostlegur árangur,“ segir Kim Carstensen hjá Alþjóðanáttúruverndarsjóðnum WWF. „Þetta litlar framfarir eftir heilt ár af ráðherrafundum og samningaviðræðum eru ekki aðeins glatað tækifæri, heldur vantar hættulega mikið upp á það sem þarf til að bjarga fólk og náttúru frá loftslagsbreytingum.“

Á fundinum, sem í ár er haldinn í Toyako í Japan, sitja æstu ráðamenn Bandaríkja, Bretlands, Frakklands, Ítalíu, Japans, Kanada, Rússlands og Þýskalands.

Mikið hefur verið þrýst á leiðtoga þessara helstu efnahagsvelda heims um að ná samkomulagi í loftslagsmálum, ekki síst þar sem lítið hefur miðað í viðræðum á vegum Sameinuðu þjóðanna um framhald Kyoto-bókunarinnar.

Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, segir þó að þessi loftslagsmarkmið G8-ríkjanna muni auðvelda samningaviðræður á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Leiðtogar G8-ríkjanna lýstu jafnframt í gær yfir miklum áhyggjum sínum af hækkandi olíuverði og matvöruverðshækkunum, sem stofni efnahag heimsins í voða. Þeir sögðust þó bjartsýnir á horfurnar til lengri tíma lítið.

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti hefur lagt mikla áherslu á að upprennandi efnahagsveldi á borð við Kína og Indland fái aukid vægi á hinum árlegu fundum G8-hópsins. Á næsta ári verður leiðtogum Kína, Indlands, Brasilíu, Suður-Afríku og Mexíkó boðið að sitja vinnufundi með G8-hópnum í einn dag á leiðtogafundinum, sem þá verður haldinn á Ítalíu.

gudsteinn@frettabladid.is

STÖKKTU Á LÆGRA VERÐ

ALLT AÐ
100%
FJÁRMÖGNUN

■ Kawasaki

KXF 450

Árgerð 2008: Verð 820.000 kr. (áður 860.000 kr.)
Árgerð 2007: Verð 700.000 kr. (áður 720.000 kr.)
450cc - Vatnskælt - 5 gíra - 99,8 kg

■ Kawasaki

KXF 250

Árgerð 2008
Verð 770.000 kr. (áður 830.000 kr.)
250cc - Vatnskælt - 5 gíra - 92,5 kg

■ Kawasaki

KLX 450

Árgerð 2008
Verð 820.000 kr. (áður 980.000 kr.)
450cc - Vatnskælt - 5 gíra - 112 kg

■ Kawasaki


KL KLX 450

Götuskráð
Árgerð 2008
Verð 1.150.000 kr. (áður 1.250.000 kr.)
450cc - Vatnskælt - 5 gíra - 112 kg



GRILLBRAGÐ

- helgarnnar



„Ég vil hafa það hollt og gott
og auðvelt að elda.
Að narta í ljúffengan bita af grillinu
- þannig eru náttúrulega bestu helgarnnar.“

Grillað lambalæri með jógúrtkryddlegi

Lambalæri, án lykilbeins og sagað eftir endilöngu (langsagað).

Veltið lambinu upp úr kryddleginum og geymið í kæli í 2 - 12 klst. Strjúkið megnið af kryddleginum af kjötinu og grillið á meðalheitu grilli í 25 - 30 mín. Snúið kjötinu reglulega.

Jógúrtkryddlögur:

2 dl jógúrt, hreint • 2 hvítlauksgeirar, pressaðir • 2 msk engiferrót, smátt söxuð • 3 msk sítrónusafi
1 tsk kummin • 1 tsk kóríanderfræ, steytt • 1/2 tsk kardimommur, steyttar • 1/2 tsk salt
3 msk mynta, smátt söxuð. Setjið allt í skál og blandið vel saman.

Berið lambalærið fram með grilluðu grænmeti og bökuðum kartöflum.



25 - 30 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemningu sem þú vilt.



GAY PRIDE Þátttakendur í skrúðgöngu samkynhneigðra í Madrid á Spáni 5. júlí stilla sér upp fyrir ljósmyndara.

NORDICPHOTOS/AFP

Afganar saka Pakistana um aðild að sprengjutilræði sem kostaði tugi mannlífa:

Pakistanar sakaðir um aðild

AFGANISTAN, AP Leyniþjónusta Pakistans aðstoðaði við sprengjutilræðið í Kabúl í Afganistan í fyrradag. Þetta segir í skýrslu varnarmálaráðuneytis Afganistans.

Minnst 41 lést og um hundrað og fimmtíu særðust þegar bílspregja sprakk utan við sendiráð Indlands í Kabúl, höfuðborg Afganistans. Árásin var sú blóðugasta frá falli talibana árið 2001. Pakistanar neita aðild og segjast engan hag hafa af því að grafa undan stöðugleika í Afganistan. Pakistan var þó eitt fárra ríkja sem viðurkenndi stjórn talibana árin 1996 til 2001. Margir leið-

togar talibana voru menntaðir í Pakistan og nokkur söguleg tengsl eru milli talibana og leyniþjónustu Pakistans. Auk þess hafa Pakistanar lengi deilt við Indverja og vantreysta hjálparstarfi þeirra í Afganistan.

Sumir sérfræðingar kenna Pasjtúnnum, stærsta afganska þjóðernishópnum, um árásina. Pasjtúnar séu kjölfestan í andspyrnu talibana við ríkisstjórn Afganistans og heri Atlantshafsbandalagsins og áliti Indverja óvini.

Ráðamenn í Afganistan og Indlandi hafa sagt að árásin muni ekki hafa áhrif á samband þjóðanna.

- gh



SPRENGJUVETTVAÐURINN Ofbeldi hefur fæst í aukana í Afganistan undanfarna mánuði.

NORDICPHOTOS/AFP

Hótaði lögregluþjónum lífláti:

Þetta er ykkar síðasta vakt

DÓMSMÁL Tvítugur Ísafirðingur hefur verið ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni, en hann hótaði tveimur lögreglumönnum ítrekað lífláti og ofbeldi eftir að þeir handtóku hann í febrúar síðastliðnum.

Maðurinn lét meðal annars þau orð falla að þetta væri þeirra síðasta vakt, þeir væru búnir að vera, þeir væru báðir dauðir en yrðu jafnframt báðir drepnir, og að hann skyldi fá tiltekinn mann til að valda þeim líkamstjóni og drepa þá.

Maðurinn játaði sök við þingfestingu og var málið þegar dómtekið. Dæmt verður 17. júlí. - sh

Geir ósammála ESB-grein: Greinin kemur ekki á óvart

ESB „Greinin kemur mér ekki á óvart því Einar Ben hefur verið talsmaður þess í mörg ár að ganga í ESB,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra eftir ríkisstjórnarfund í gærmorgun.

Jónas H. Haraldz, fyrrverandi bankastjóri, og Einar Benediktsson, fyrrverandi sendiherra, birtu sameiginlega grein í Morgunblaðinu á laugardeginn þar sem þeir hvöttu íslensk stjórnvöld eindregið til þess að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Greinin vakti töluverða umræðu vegna þess að bæði Jónas og Einar eru sjálfstæðismenn og stefna flokksins hefur ekki hneigst í átt til ESB.

„Ég þekki þessa menn vel og met þá mikils en er ósammála þeim í þessu máli,“ sagði Geir.

- vsp

Bændasamtök Íslands bjóða fjármálaráðgjöf:

Bændur í kröggum

LANDBÚNAÐUR Bændasamtök Íslands (BÍ) hafa ákveðið að bjóða bændum í fjárhagserfiðleikum ókeypis fjármálaráðgjöf í kjölfar skoðanakönnunar sem benti til mikillar eftirspurnar eftir slíkri ráðgjöf meðal bænda.

„Hækkandi aðfangaverð og vaxtakostnaður er [bændum] erfiður og við reynum að bregðast við því,“ segir Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri BÍ. „Það eru ábyggilega sóknarfæri í því að fara yfir stöðu á lánnum, möguleika á hagræðingaraðgerðum og áætlanir um hvernig hægt sé að komast í gegnum þetta.“

Farið verður að bjóða upp á ráðgjöfina í lok þessa mánaðar, að sögn Gunnars Guðmundssonar, forstöðumanns ráðgjafasviðs BÍ. „Tilgangur okkar er að aðstoða bændur við að leita leiða ásamt



SAUDFÉ Hækkandi aðfangaverð og vaxtakostnaður hefur komið illa við marga bændur.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

lánastofnunum út út þeim vanda sem þeir eru í,“ segir hann.

Gunnar segir bændasamtökin hafa í nokkur ár veitt almenna fjármálaráðgjöf til bænda, en þetta sé viðbót fyrir þá sem séu í sérstökum erfiðleikum.

- gh



REYKJAVÍK Tilkynt var um ráðningu í stöðu mannréttindastjóra Reykjavíkur áður en til hennar kom.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Umsækjendum sagt að búið væri að ráða

Umsækjendum um starf mannréttindastjóra Reykjavíkur var sagt í tölvupósti að búið væri að ráða í stöðuna án þess að enn sé búið að því. Sendandi tölvupóstisins segir þetta hafa verið mistök.

REYKJAVÍK „Um leið og ég vil þakka fyrir umsókn þína um starf mannréttindastjóra, vil ég tilkynna þér að búið er að ráða í starfið.“ Þetta segir í tölvupósti sem umsækjendur um stöðu mannréttindastjóra Reykjavíkur fengu tilkynningu um síðastliðinn föstudag. Enn er ekki búið að skipa í stöðuna.

Á föstudaginn var tilkynnt að ráðgjafarnefnd hafi mælt með því að Anna Kristinsdóttir fyrrverandi borgarfulltrúi Framsóknarflokksins yrði skipuð mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar. Anna er með BA-próf í stjórnmálafræði. Ekki er enn búið að samþykkja tillöguna í borgarráði en umsækjendum var sagt að búið væri að skipa í stöðuna.

„Ég gerði mistök og mér þykir það mjög leiðinlegt. Mig langaði bara að láta umsækjendurna vita áður en fjölmiðlar fengju upplýsingar um þetta. Í öllum flýtinum urðu mér á mistök,“ segir Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu borgarstjóra. Hún er ein af þeim sem störfuðu í ráðgjafarnefndinni og sú sem sendi tölvupóstinn.

Í Fréttablaðinu í síðustu viku var sagt frá því að reynt fólki í mannréttindamálum hefði ekki verið boðað í viðtal. Þar af er einn með embættispróf í lögfræði og einn er fyrrverandi formaður Öryrkjabandalagsins.

Stéfán Einar Stefánsson, síð- og guðfræðingur og einn umsækj-



STEFÁN EINAR STEFÁNSSON Hann segir tölvupóstinn vera til vitnis um slæm vinnubrögð.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

enda um starfið, segir auðvitað ekkert óeðlilegt við það að einn sé ráðinn á endanum en tölvupósturinn hafi komið sér á óvart.

„Þetta er til vitnis um slæm vinnubrögð. Mér finnst þetta móðgun við kjörna fulltrúa sem enn eiga eftir að taka ákvörðun um hvort hún verði skipuð,“ segir Stefán.

Umsóknarfrestur til að sækja um stöðu mannréttindastjóra Reykjavíkur rann út 26. maí. Umsækjendur um starfið voru 23 en sex voru boðaðir í viðtal hjá þriggja manna ráðgjafarnefnd.

Tillagan um skipun Önnu í stöðu mannréttindastjóra verður lögð fram á fundi borgarráðs næstkomandi fimmtudag til samþykktar eða synjunar.

vidirp@frettabladid.is

Hver vaktar þitt heimili?



Prófaðu Heimaöryggi í sumar – án endurgjalds

- Við setjum upp kerfi heima hjá þér og þú prófar í 2 mánuði, engin krafa er gerð um framhaldsviðskipti.
- Heimaöryggi felur í sér innbrotsvörn, útkallsþjónustu, brunaviðvörðun og vatnsviðvörðun.
- Tilboðið gildir til 15. ágúst 2008, gríptu tækifærið núna.
- Í boði á þeim þéttbýlisstöðum landsins þar sem Öryggismiðstöðin hefur þjónustuaðila og sinnir útkallsþjónustu.

TBWAREYKJAVÍK/SÍA

Pantaðu núna á www.oryggi.is



Hringdu í 570 2400 og fáðu öryggi í áskrift



5.900

Fullt verð: 9.900

29.900

Fullt verð: 59.900

Vnr. 41616052

Garðborð

Átthyrnt garðborð með innfeldum snúningsdisk, 1770x30 mm, Iron Wood viður.

Vnr. 41616010

Garðstóll

MILAN garðstóll, Iron Wood viður. Sessa fylgir ekki með.



29.900

Fullt verð: 34.900

Partner

Vnr. 53323076

Sláttuvél

PARTNER sláttuvél með BRIGGS & STRATTON mótör, sláttubreidd 53 cm, stillanleg sláttuhæð.

LÆKKAD VERÐ



34.900

Fullt verð: 44.900

Vnr. 50630104

Gasgrill

Outback gasgrill, tvískiptur járnþennari, 3 pottþennarar, Grillflötur 63x48cm, Grillgrind er úr postulínshúðuðu pottjárn, Neistakveikjari, Hitamælir, Efrí grind, Þrýstijafnari og grillsteinar fylgja, Svart postulínshúðað lok, 11,8 KW.



990

Fullt verð: 1.990

Vnr. 88012341

Vindsæng

Vindsæng, 76x190x20 cm.



14.900

Fullt verð: 19.900

Vnr. 87951160

Kælibox

Kælibox á hjólum. 55L 12V.



3.990

Vnr. 89410150-2650

Viðarvörn

PINOTEX CLASSIC viðarvörn, svört, tekk og pine, 6 l.



14.900

Fullt verð: 26.900

Vnr. 88015963

Hundakofi

Hundakofi, 99x87x80 cm.



2.190

Fullt verð: 3.890

Vnr. 54930605

Slönguvagn

DAYE slöngukefli. 1/2" slanga 15m með úðara.



Fullt verð: 2.605

1.690

Vnr. 54930025

Slöngutengi

DAYE slöngutengi og úðari.



5.390

Vnr. 85551083/183

Útimálning

BYKO úti- og innimálning, gljástig 6, ljósir litir, 10 l.



3.990

Fullt verð: 4.990

Vnr. 50632105

Ferðagasgrill

MR GRILL ferðagasgrill, grillflötur 38x37 cm, hita-dreifiplata, 2,6kW. Þrýstijafnari og slanga fylgja ekki. Hægt að nota við flestar gerðir gaskúta.



9.900

Fullt verð: 13.900

Vnr. 53323165

Sláttuorff

WARRIOR sláttuorff, 25cc tvígenis bensín-mótör, 0,7 hestöfl, sláttubreidd 38-43 cm, þyngd 3 kg.



2.990

Vnr. 79290094

Hjólbörur

Hjólbörur, 80 l.





SIGUR Bandarískir samherjar fagna sigri í tennisleik á Wimbledon-móttinu á Englandi. NORDICPHOTOS/AFP

Vinstri grænir á Húsavík: Afneita ábyrgð á Bakkaálveri

SVEITARSTJÓRNIR Trausti Aðalsteinsson, áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna í byggðaráði Norðurþings, undirstrikaði á síðasta fundi ráðsins að flokkur hans væri ekki fylgjandi álveri á Bakka við Húsavík.

„Þeir aðilar sem voru á Húsavíkurlistanum fyrir vinstri græn lýstu aldrei yfir stuðningi við álversuppyggingu á svæðinu hvað þá að beita sér fyrir því,“ bókaði Trausti og ítrekaði að vinstri græn teldu þetta ekki fýsilegan kost fyrir sveitarfélagið.

„Það er undarlegt þegar vinstri græn reyna á þennan hátt að hlaupast undan verkum Húsavíkurlistans sem þeir bera fulla ábyrgð á,“ bókaði núverandi meirihluti í byggðaráðinu.

- gar

Ný stjórn tekin við völdum í Serbíu eftir erfiðar stjórnarmyndunarviðræður:

Evrópusinnar stjórna Serbíu

SERBÍA, AP Mirko Cvetkovic tók við forsætisráðherraembætti Serbíu í gær af hinum þjóðernissinnaða Vojislav Kostunica. Nýlega kjörð þing landsins samþykkti stjórnina á mánudag með 127 atkvæðum gegn 27, en aðrir þingmenn á 250 manna þinginu sátu hjá.

Öfugt við Kostunica hyggst Cvetkovic efla tengsl Serbíu við Vesturlönd og sækja um aðild að Evrópusambandinu. Hann lagði þó áherslu á að stjórn sín muni aldrei viðurkenna sjálfstæði Kosovo.

Að stjórninni standa Lýðræðisflokkurinn, en leiðtogi hans er Boric Tadic forseti landsins, og

Sósíalistaflokkurinn, sem stofnaður var af Slobodan Milosevic árið 1990. Þessir tveir flokkar voru lengi svarnir andstæðingar, en sósíalistar hafa verið að breyta um áherslur frá því Milosevic réð ríkjum og Júgóslavíustríðin stóðu sem hæst.

Fráfarandi forsætisráðherra, Vojislav Kostunica, hafði reynt að fá Sósíalistaflokkinn til stjórnarsamstarfs með þjóðernisflokki sínum, sem er andvígur nánari tengslum við Evrópusambandið en vildi þess í stað styrkja tengslin við Rússland. Stjórnarmyndunarviðræður hafa gengið hægt síðan þing var kosið 11. maí. - gb



CVETKOVIC OG SAMRÁÐHERRAR HANS Nýju ráðherrarnir sóru embættiseiða í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Ungur ökumaður dæmdur:

Ólöglegur á flesta vegu

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur fyrir að aka bíl undir áhrifum fjölda vímugjafa. Maðurinn lauk akstrinum á bensínstöð í Reykjavík, þar sem lögregla kannaði ástand hans. Hann reyndist vera ölvaður og að auki undir áhrifum kókaíns, amfetamíns og kannabísefna. Í þökkabót var hann ökuskráttur og á ötryggingum bíl.

Maðurinn á nokkurn sakaferil að baki en hann hefur ekki áhrif á refsingu hans. Maðurinn er dæmdur til að greiða 250 þúsund króna sekt í ríkissjóð og er sviptur ökurétti í átján mánuði. - sh

Lyfjakostnaður Tryggingastofnunar eykst:

Borga ríflega 300 milljónum meira í lyf

HEILBRIGÐISMÁL Kostnaður Tryggingastofnunar vegna lyfja jókst um 308 milljónir króna á fyrsta þriðjungi ársins, eða um fjórtán prósent miðað við sama tíma í fyrra. Ástæðan er annars vegar aukin lyfjanotkun og hins vegar lágt gengi krónunnar.

Lyfjanotkunin sjálf jókst um átta prósent. Guðrún Gylfadóttir, hjá Tryggingastofnun, segir eðlilegt að lyfjanotkun aukist eitthvað á milli ára þegar þjóðin eldist og fitnar. Aukningin er þó hlutfallslega meiri nú en áður.

Kostnaður stofnunarinnar jókst mest vegna flogaveikilyfja, geðrofslyfja, þunglyndislyfja og lyfja við ofvirkni. Aldur og þyngd þjóðarinnar virðast ekki útskýra auk-

inguna í þessum flokkum. „Menn hafa í raun engar skýringar á aukinni notkun þunglyndis- og ofvirknilyfja hér á landi,“ segir Kristján Oddsson hjá Landlæknisembættinu. „Þetta gæti tengst þjóðfélagsstrúktúrnum, mikilli greiningu eða góðu aðgengi að heilbrigðisþjónustu.“

„Það leikur enginn vafi á að þetta hefði verið hærra ef ég hefði ekki farið út í þær aðgerðir að lækka lyfjakostnað,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra um málið.

Í rannsókninni voru nýttar upplýsingar um lyfseðilsskyld lyf úr apótekum, en hvorki lausasölu lyf sem seld eru án lyfseðils né lyf sem notuð eru á stofnunum. - ges

FRÉTTASKÝRING: Surtsey



SURTSEY Nafn eyjarinnar er tekið úr norrænni goðafræði. Í Völuspá er fjallað um Surt hinn svarta sem „fer sunnan; með sviga lævi“. MYND/ERLING OLAFSSON

Surtsey á lista UNESCO

Surtsey hefur verið færð á heimsmínjaskrá UNESCO. Þetta er fyrst og fremst viðurkenning en mun einnig hafa áhrif á ferðamannaíðnað.

Surtsey varð í gær annað svæðið hér á landi, á eftir Þingvöllum, til að komast á heimsmínjaskrá UNESCO. Þetta var ákveðið á fundi heimsmínjarsins í Québec í Kanada í fyrravöld.

Surtsey myndast í eldgosinu sem hófst árið 1963 og er mesta neðansjávareldgos sem orðið hefur á sögulegum tíma. Hún er nú tæplega helmingi minni en þegar hún reis úr sæ, eða tæplega 1,5 ferkílómetri. Þrátt fyrir að hún sé berskjölduð gegn ágangi sjávar hefur hún verið vernduð sérstaklega vel gegn ágangi manna en hún var friðuð nokkrum áður en gosinu sjálfu lauk.

Að þessu leyti er eyjan einstök í heiminum. Hvergi annars staðar hefur verið hægt að fylgjast með landtöku og þróun lífs á eyju nánast frá fyrsta degi. Þetta er í raun lyklatríðið í rökstuðningi heimsmínjarsins þar sem kemur fram að vegna þess að eyjan hefur verið vernduð frá upphafi veiti hún heiminum „ösnortna náttúrulega rannsóknarstofu“.

„Lífriki eyjarinnar verður sífellt fjölbreyttara og ekkert hefur dregið úr landnámi lífvera,“ segir Borgþór Magnússon plöntuvistfræðingur. Alls hafa 89 fuglategundir greinst í eyjunni, þar af átta varpfluglar. Þar hafa og fundist hrúðurkarlar, kross-

fiskar, selir og fjöldamörg sjávardýr til viðbótar. Auk þess hafa ýmsar tegundir fléttna, mosa og háplantna numið land á eyjunni auk skordýra, svo lítið brot af fjölbreyttu lífríkinu sé upp talið.

„Þetta er mikil viðurkenning fyrir Surtseyjarfélagið en fyrst og fremst þá vísindamenn sem hafa starfað í eyjunni en þeir hafa að mínu mati unnið einstakt afrek,“ segir Steingrímur Hermannsson sem hefur verið formaður Surtseyjarfélagsins frá upphafi. Hann bætir því við að rannsóknirnar hefðu verið útilokaðar án hjálpar Landhelgisgæslunnar sem hefur flutt vísindamenn að kostnaðarlausu út í eyna. „Við erum afar þakklátir gæslunni fyrir það.“

„Fyrst og fremst mun þetta geta haft mikil áhrif á ferðamennsku í Vestmannaeyjum. Margir ferðamenn leggja sig sérstaklega eftir því að heimsækja heimsmínjastaði hvar sem er í heiminum,“ segir Ragnheiður Þórarinsdóttir, tengiliður Íslands við heimsmínjaskrifstofu UNESCO, sem situr fundinn í Québec. Hún segir Íslendinga þurfa að bera aukna ábyrgð í kjölfar ákvörðunarinnar. „Ísland hefur tekið á sig þá ábyrgð að gæta Surtseyjar í framtíðinni fyrir alla heimsbyggðina því hún er ekki lengur bara merkileg fyrir okkur og okkar náttúrusögu heldur allan heiminn.“

gudmundure@frettabladid.is




FRÉTTASKÝRING
GUÐMUNDUR E. S. LÁRUSON
bjorn@frettabladid.is

HEIMSMINJASKRÁ UNESCO

Tilgangur heimsmínjaskráarinnar er að flokka og varðveita staði sem teljast sérstaklega merkilegir frá menningar- eða náttúrufræðilegu sjónarmiði og teljast tilheyra sameiginlegri arfleifð mannkynsins. Svokallað Heimsmínjaráð ákveður

hvaða staðir komast á skrána á fundum sínum sem haldnir hafa verið árlega frá árinu 1972. Síðan þá hafa 855 staðir verið settir á listann, auk þeirra sem hljóta samþykki á fundinum núna. Þingvellir komust á skrána árið 2004.



DEAD SEA **spa** MAGIK
MINERAL SKIN NUTRITION

NÝJUNG Á ÍSLANDI

Húð- og hárlína úr Dauðahafinu sem var valin besta lífræna línan fyrir árið 2008 í Bretlandi

KYNNING Í SKIPHOLTS APÓTEKI

Skipholt 50b

fimmtudaginn 10 júlí kl. 14-17



INCLUDES
CERTIFIED
ORGANIC
INGREDIENTS
NO PARABENS

20% Kynningarafsláttur

Bergfell ehf heildsala

omega
CREATIVE BATHROOM-FURNITURE

**SUMAR-
TILBOÐ!**

Eitt flottasta úrval landsins

Mikið úrval fyrir öll baðherbergi • til afgreiðslu af lager



WLU 06A
Hvitt háglans 120 sm

69.800,- stgr.



WLU 06A
Eik 120 sm

69.800,- stgr.



CT - 95
Hvitt háglans 95 x 50 sm

67.900,- stgr.




WLU 147
Hvitt háglans 61x48 +25 sm

64.800,- stgr.



WLU 147
Eik 61x48 +25 sm

64.800,- stgr.



WLU 125
Eik 45 x 30 sm

23.900,- stgr.



WLU 125
Hvitt háglans 45 x 30 sm

23.900,- stgr.



CT - 55 **44.900,-** stgr.
Hvitt háglans 55 x 43 sm



CT - 75 **53.900,-** stgr.
Hvitt háglans 75 x 48 sm



CT - 85 **58.900,-** stgr.
Hvitt háglans 85 x 51 sm

www.i-t.is

**INNRETTINGAR
& TÆKI**
- fyrir þitt heimili

OPÍÐ Í SUMAR:
Virka daga kl. 09 - 18
LOKAD Á LAUGARDÖGUM

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Sparaðu með Brimborg
Sjálfskipt í sparneytinn Citroën með bensín

Sparaðu með og Citroën sp

Komdu í Brimborg í dag
Skiptu yfir í sjálfskiptan og spar

Spariverð. Bílasamningur 27.339 kr. á mánuði.

Sjálfskiptur
Citroën C3 SX
með bensínverðvemd



1,6i 110 hö 147 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 172 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,2 l/100 km
Tilboðsverð: 2.390.000 kr.*
Útborgun 30% eða 717.000 kr.
Bílasamningur 27.339 kr. á mán í 84 mán.
Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum eru
vaxta- og lántökukostnaður 629.046 kr.
2 bílar á þessu tilboði.

Hringdu núna í síma 515-7000

Spariverð. Bílasamningur 36.260 kr. á mánuði.

Sjálfskiptur
Citroën C4 Picasso Comfort
með bensínverðvemd



2,0i 143 hö 200 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 190 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 8,0 l/100 km
Tilboðsverð: 3.190.000 kr.*
Útborgun 30% eða 642.000 kr.
Bílasamningur 36.260 kr. á mán í 84 mán.
Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum
eru vaxta- og lántökukostnaður
835.960 kr.
2 bílar á þessu tilboði.

Hringdu núna í síma 515-7000


visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað



CITROËN

Bensínverðvernd
Brimborgar

99kr.

verðvernd

Citroën arar með þér



Nýtt. Bensínverðvernd
Brimborgar. Fáðu
1.500 lítra af bensíni á
aðeins 99 kr/ltr.

Nýtt. Sjálfskiptur Citroën með bensínverðvernd.

Skiptu þeim gamla út fyrir nýjan, sjálfskiptan Citroën í dag. Vertu á völdum Citroën með bensínverðvernd og á sérstöku spariverði. Með því að kaupa Citroën á spariverði, tryggir þú þér nýjan, sjálfskiptan bíl á sérlega hagstæðu verði.

Citroën er nú fáanlegur með bensínverðvernd Brimborgar: Aðeins 99 krónur bensínlíttrinn. Brimborg tryggir þér bensínlíttrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 ltr. og gildir í 12 mán.

Þannig nýtur þú ekki aðeins góðs af Citroën á hagstæðu spariverði, heldur mun Citroën með bensínverðvernd einnig spara þér veruleg útgjöld. Á nýjum, sjálfskiptum Citroën getur þú dregið úr bensínnotkun og að auki lækkað bensínreikninginn til muna næstu 12 mánuðina.

Sparaðu með Citroën. Komdu og reynsluaktu nýjum, sjálfskiptum Citroën.

neytinn Citroën. Sjáðu Citroën.

Spariverð. Bílasamningur 38.533 kr. á mánuði.

2,0i 143 hö 200 Nm sjálfskiptur \ 7 manna
CO2 losun 190 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 8,1 l/100 km
Tilboðsverð: 3.390.000 kr.*
Útborgun 30% eða 1.017.000 kr.
Bílasamningur 38.533 kr. á mán í 84 mán.
Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum eru vaxta- og lántökukostnaður 886.937 kr.
2 bílar á þessu tilboði.

Sjálfskiptur
Citroën C4 Grand Picasso Comfort
með bensínverðvernd



Hringdu núna í síma 515-7000

Spariverð. Bílasamningur 35.313 kr. á mánuði.

2,0i 143 hö 200 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 8,6 l/100 km
Tilboðsverð: 3.090.000 kr.*
Útborgun 30% eða 927.000 kr.
Bílasamningur 35.313 kr. á mán í 84 mán.
Innifalinn í mánaðarl. greiðslum eru vaxta- og lántökukostnaður 808.841 kr.
1 bílar á þessu tilboði.

Sjálfskiptur
Citroën C5 Exclusive II
með bensínverðvernd



Hringdu núna í síma 515-7000



Öruggur staður til að vera á

ÓDÝRT OG VISTVÆNT

Hjá Lundavespum er hægt að leigja sér vespur í skemmri eða lengri tíma.

BÍLAR 2



EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Jökulsárgljúfur býður upp á fjölbreytta möguleika til útivistar og náttúruskoðunar.

FERÐIR 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is



Er þjóninum heitt?

LOFTKÆLING
fyrir tölvu- og tæknirými
stór og lítil kerfi

Ís-húsið

Smíðjuvegi 70 - 200 Kópavogi - s: 566-6000
netverslun ishucid.is



LAGER

HREINSUN

T.D SÓFASETT, HORNSÓFAR,
TUNGUSÓFAR O.FL

allt að -60%

HÚSGAGNA LAGERSALA

Dugguvogi 2 / Sími 557 9510 / patti.is



Feðgarnir Hafþór og Viktor Blær sem er í körfuboltatreyju sem Hafþór keypti á soninn á NBA-leik í Flórída.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Frábært að vera á Flórída

Hafþór Theodórsson, sölumaður hjá Securitas, reynir að ferðast sem oftast bæði innanlands og erlendis.

Hafþór Theodórsson hefur víða komið og stefnir á að fjölga viðkomustöðunum. Ein ferð stendur þó sérstaklega upp úr að hans mati en það er þriggja vikna frí sem hann fór í ásamt fjölskyldunni til Kissimmee í Flórída.

„Við fjölskyldan, það er að segja ég og frúin og sonur okkar, fórum í heimsókn til systur hennar og eiginmanns á Flórída. Þar var mikið stuð og afþreyingarmöguleikarnir nánast endalausir. Það er eiginlega ekki hægt að láta sér leiðast þarna,“ útskýrir Hafþór, sem fór meðal annars með fjölskyldunni í Busch Gardens, Disneyworld og Seaworld, þar sem margt fróðlegt og skemmtilegt var að sjá. „Ég verð að viðurkenna að

varla er hægt að lýsa þessum stöðum í stuttu máli. Strákurinn okkar var yfir sig hrifinn og ekki skemmdi fyrir að hann hitti þarna margar þekktar Disneypersónur.“

Fjölskyldan gerði sér margt annað til dægrastyttingar meðan á dvölinni stóð. Flatmagaði á ströndinni, snæddi á ýmsum góðum veitingastöðum, meðal annars á Outback Steakhouse og Olive Gardens, og verslaði þó nokkuð enda dollarinn hagstæður að sögn Hafþórs, sem lét jafnframt gamlan draum rætast með því að skella sér á NBA-leik. Fjölskyldan upplifði síðan heljarmikið ævintýri þegar hún fór í fjögurra daga siglingu til Bahama-eyja og væri alveg til í að fara þangað aftur.

„Ég mun einn daginn fara aftur með fjölskylduna til Flórída, enda frábær staður fyrir fjölskyldufólk,“ segir Hafþór.

mikael@frettabladid.is

Þjóddu, henni út að borða



weber Q – gasgrill í úti-leguna!

Söluastaðir: Járn og gler · Garðheimar · Húsasmiðjan · Egg · Búsáhöld Kringlunni
Útilegumaðurinn · Motor Max · Everest · Seglagerðin Ægir · www.weber.is



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is

NISSAN SUBARU HONDA
ISUZU OPEL

SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · Sími: 567 7360

**FJAÐRIR OG GORMAR
Í FLESTAR GERÐIR
JEPPA**

Japan/U.S.A.

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

SAVAGE X 4.6 Big Block

HPI Savage X 4,6
ÖFLUGUR FJARSTÝRÐUR BENSÍN
TORFÆRUTRUKKUR
EIGUM TIL BÍLA Á GAMLA VERÐINU

Tómstundahúsið

Tómstundahúsið • Nethyl 2 • sími 587-0600
www.tomstundahusid.is

Flissandi á bensíndælunni

Hjá Lundavespum er hægt að leigja sér vespu í styttri eða lengri tíma.

„Hugmyndin var að gefa fólki færi á að kynna vespum án þess að þurfa að kaupa sér græju upp á 300 til 400 þúsund krónur,“ segir Ásgeir Þórðarson sem stofnaði nýverið vespuleigu ásamt kærustu sinni, Soffíu Jóhannesdóttur. Leigan kallast Lundavespur og er staðsett fyrir neðan Hamborgarabúlluna við Reykjavíkurhöfn.

Ásgeir kveðst vera búinn að fá sig fullsaddan af fólki á fjallajepum innanbæjar. „Reykjavík er ekki nema fimmtán mínútur yfirferðar á reiðhjól. Það „meikar ekki sens“ að keyra á átta tonna jeppa til að fara úr Þingholtunum niður í Glitni í Lækjargötu og eyða svo hálfum deginum í að leita að bílastæði.“

Ásgeir hefur búið í London síðastliðin tíu ár og segir fólk erlendis mun meðvitaðra um náttúruna heldur en hérlandis. „Þú getur ímyndað þér ef allir Rómabúar væru á jeppum. Þar keyra allir um á vespum, meira að segja níraðar konur. Það er fínt veður hérna sex mánuði á ári; þetta ætti að sjálf-sögðu að vera málið hér líka.“

Ásgeir telur vespur umhverfis-

Ásgeir Þórðarson og Soffía Jóhannesdóttir eiga vespuleiguna Lundavespur.



vænni og hagkvæmari kost heldur en bíla. „Maður er að horfa á fólk grenjandi yfir bensíndælunum á meðan ég fer flissandi út eftir að hafa fyllt á tankinn fyrir 500 kall. Á því kemst ég 80 kílómetra og er helmingi fljótari að komast um, því ég get lagt hvar sem er.“

Lundavespur eru bæði ætlaðar erlendum ferðamönnum og Íslendingum. „Það eru allir blankir og krónan ömurleg. Af hverju fer fólk ekki bara í ferðalag innanbæjar og uppgötvar Reykjavík upp á nýtt í stað þess að fljúga til

London? Fólk getur komið hingað og leigt sér hjól í klukkutíma, tekið einn rúnt og þóst vera í útlöndum á Íslandi.“

Í Lundavespum er mestmegnis að finna 50 cc kínverskar vespur en ekki þarf annað en bílpróf til að keyra þær. „Síðan erum við að bíða eftir hjólum frá Piaggio sem Gunnar Hansson er að flytja inn.“ Hægt er að leigja vespunar frá klukkustund upp í heila viku og kostar ódýrasta hjólið 1.900 krónur í klukkutíma. Sjá www.lundavespur.com. mariora@rettabladid.is

Allt í húsvagninn...

...í settum fyrir handlagna



Gasmiðstöðvar
1900 - 2800W
frá aðeins kr. 79.048,- settið.



Vatnshitarar
13L gas / 220V
frá aðeins kr. 61.560,- settið.



Sólarsellusett í úrvali.



VERSLUN / VERKSTÆÐI
Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður
Sími 555 4900

www.rotor.is
lang - stærsti húsbilavefurinn

Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á www.rotor.is.



Fjarstýrð vagndrif
verð frá kr. 175.688,- settið



Útivist í einstakri náttúru

Vatnajökulsþjóðgarður heillar marga enda rómaður fyrir náttúrufegurð og skemmtilegar gönguleiðir.

Ýmsir möguleikar eru til útivistar og náttúruskoðunar í Vatnajökulsþjóðgarði, en þar eru helstu áningarstaðir Ásbyrgi, Hljóðaklettar, Hólmatungur og Dettifoss. Þar á milli eru síðan margir áhugaverðir og fallegir staðir sem vert er að heimsækja.

„Á þessum árstíma er mikið af fólki sem kemur hingað. Það fer að vísu eftir veðri. Íslendingar koma þegar veðrið er gott á meðan útlendingar koma í hvernig veðri sem er,“ segir Einar Rafn Guðbrandsson, landvörður í Vatnajökulsþjóðgarði, þar sem bæði er vinsælt að fara í tjaldútilegur og göngur, en gönguleiðir liggja um þjóðgarðinn þveran og endilangan.

„Mikið er um að fólk gangi á eigin vegum, til dæmis úr Ásbyrgi yfir í Hljóðakletta. Gönguleiðin tekur um fjóra klukkutíma og er þægileg,“ segir Einar Rafn. „Við erum svo með stuttar, skipulagðar göngur um þjóðgarðinn frá 21. júní til 17. ágúst, svokölluð rölt þar sem meðal annars er gengið um botn Ásbyrgis og Hljóðakletta. Göngurnar taka um eina til þrjár klukkustundir.“

Að sögn Einars Rafns geta göngugarpar síðan farið alla leið frá Ásbyrgi að Dettifossi, sem tekur yfirleitt um tvo daga. „Gönguleiðirnar eru yfirleitt ekki



Stallá rennur í Vatnajökulsþjóðgarði.

MYND/ÚR SAFNI VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐS



Einar Rafn Guðbrandsson landvörður segir að töluvert sé um að fólk gangi á eigin vegum um Vatnajökulsþjóðgarð.

MYND/GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

mjög erfiðar. Gangi menn frá Hljóðaklettum inn að Dettifossi þá er möguleiki að fara ofan í Hafragilsundirland eða sleppa því. Ef farið er fyrir ofan Hafragilsundirlandi er erfið leið fyrir höndum. Þá þarf að fara yfir aurskriður, en þar eru reipi svo fólk komist betur um. Að því undanskildu er ekki hægt að segja að gönguleiðirnar séu erfiðar.“

Eins og fyrr sagði eru tjaldsvæði innan þjóðgarðsins og svo fjölbreyttir gistinguvegir í nágrenni hans.

Þess má enn fremur geta að Ásbyrgishátíð verður endurvakin þann 20. júlí. Þemað er fimmti áratugurinn og verður klæðnaður gesta og veitingar í samræmi við það. - *stp*




FLUGFÉLAG ÍSLANDS

flugfelag.is

Skráðu þig í Netklúbbinn

Félagar í Netklúbbnum fá fyrstir upplýsingar um tilboð og nýjungar í tölvupósti.



Alltaf ódýrast á netinu
www.flugfelag.is

Stökktu til Fuerteventura

15. júlí

Frá kr. **34.990**



Allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða ótrúlegt sértílbóð á síðustu sætunum til Fuerteventura 15. júlí. Þessi skemmtilega eyja í Kanaríeyjaklasanum hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Njóttu lífsins á þessum vinsæla sumarleyfisstað í friinu. Þú bókar flugsæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Þjóðum einnig frábær sértílbóð vinsælum íbúðahótelum í Corralejo; Maxorata Beach, Oasis Dunas og Oasis Papagayo.

Verð kr. **34.990**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð 15. júlí í viku. Aukavika kr. 15.000.

Verð kr. **44.990**

Netverð á mann, m.v. 2 saman í herbergi / stúdíó / íbúð 15. júlí í viku. Aukavika kr. 15.000.

MYNDARAMMAR OG MYNDAALBÚM

Skorum karton eftir máli



myndval

Þönglabakka (Mjódd) 4 sími 557 4070
myndval@myndval.is
www.myndval.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á sliku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Englajós til þín S. 908 5050 & 863 1987. Lára spámiðill

Er spennandi tími framundan? Hvað viltu víta um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbærir, trúnaður. Er við alla virka daga frá kl. 09-01 & helgar frá kl. 12-03.
Visa/Euro.

Alspá

445 5000 & 823 8280
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbærir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. Visa Euro Masters. Ópið 12-24. www.spamidlun.com

- Símaspá -Spái í Tarot, ræð drauma og fleira. Elísabet 663 0813.

Símaspáin.

Ný tækifæri, vinnan, fjármálin, ástarmálin, heilsan - fjarheilun/fyrirb. Spák. Yrsa. 908 6414 (199 mín.) 553 5395 (173 mín.Visa/MC). Símat. 10-24. Hringdu núna!

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nylögnum.
Fjót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktafi
www.raflagnir.is

Viðgerðir

Erum fluttir að Skemmuvegi 34, 200 Kópavogur
brátt gæta
SMÁVÉLAVIÐGERÐIR
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Vélaverkstæði JS
Skemmuvegi 34 200 Kópavogur
Netfang: velaverkjs@velaverkjs.is
Símar: 554 0661 - 897 4996 699 2502
www.velaverkjs.is
Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuoríf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Önnur þjónusta

Sandblástursfilmur
Sólarfilmur
Ótskorinn vínill í öllum litum
GrafiList
www.grafilist.com 551 3118

KEYPT & SELT

Garðurinn

5 stórar Aspír fást gefins gegn því að vera fjarlæggar. Fyrstur kemur fyrstu fær. S. 892 6113.

Til sölu

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Bakaraofn á 5 þ. Þurrkari á 10þ. 28" TV á 10þ. Þvottavél á 10þ. Uppþvottavél á 10þ. Bilahátalarar á 5 þ. Barnarimlarúm á 3þ. Skrifborð á 3 þ. Sófi á 5þ. Fristískapur á 10þ. Ný rafmagnshjól á 22 þ. & 35 þ. stelpuhjól á 10 þ. barnavagn á 5 þ. S. 896 8568.



Eldsneytis Sparari!

Hvirfil tæki í alla bíla & jeppa, sparnaður 7% til +27% þetta virkar! Meiri Kraftur. Verð frá 9900. -kr. 30 daga skilarettur. SKM ehf BÍldshöfða 16. S. 517 8400 - WWW.SKM.IS



Stubbahúsin f. utanhúss reykingar. 3 stærðir á vegg og standur. Pöntunars. 555 6200. stubbahus.is



Síðustu sófarnir - Frábært verð

Eigum til 1 sett af hverjum sófa sins og myndirnar sýna. Fallegir sófar á frábæru verði. Hágæða ítalskt leður sem þolir mikið álag. Seljum síðustu settin á aðeins 199þús. Seljum einnig sýningarsettin hlægilegu verði. Hringdu og kannaðu málið, það kostar ekkert!!! Hringdu og bókaðu skoðun áður en allt selst upp. Allar frekari upplýsingar veitir Sigurður í síma 868 5001



Veitingamenn - Kjötframleiðendur

Af sérstökum ástæðum er þessi topp grillvang til sölu (Off road) eingöngu úr áli & ryðfríu stáli. Uppl. á www.carmax.is / 660 7750.

Electrolux ísskápur 235l & 54l, örbylgjuofn og rúm 180X90 allt saman glænýtt. Selst ód. S 868 0660.

Óskast keypt

Óska eftir að kaupa geymslugám 12, 20 eða 40 f. Uppl. í s. 898 2069.

Vantar belti við upplut. Helst stokkabelti. Uppl. í síma. 820 6740.

Óska eftir notuðu gasgrillu í góðu ástandi á góðu verði. S. 846 4477.

Hljóðfæri



Dúndurtílbod!

Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.git-arinn.is

Harmonikka alveg ný til sölu. Tegund Welt Meister 72 bassa. Verð kr. 150 þ. Sími 567 7642.

Vélar og verkfæri



PON TRUCK WP60 - 1300Kg 24V/70Ah Verð: 311.250 með VSK. PON ehf, S: 552 0110 http://www.pon.is



Eitt mesta úrval landsins af sagarblöðum og fræsistönum. Mjög góð verð.



Smiðjuvegi 11 S: 5641212

Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabit-ar 1.185 kr/m, timbur 2x4 205 kr/m, allt verð m/vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s: 840 7273, Halldór

Verslun

amor
Egg í miklu úrvali frá kr. 590.-
Tilboð á DVD Frábært úrval af nýjum titlum.
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Grugglega besta rakgelid!
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

Stærri limur betri limur

Löksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

HEILSA

Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstill aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjubjálfi/einkapj. s. 862 5920.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Nudd nudd nudd heinuð. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Ópið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

Fyll'ann takk!

NÝTT!
Lögin beint inn í iTunes og á iPod

Frá **79.00** krónum lagið

Vertu tilbúinn í sumarfríð!

Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af topp tónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.

Nýtt á Tónlist.is - lögin beint inn í iTunes á tölvunni!
Nú getur þú tengt Tónlist.is beint við iTunes eða Windows Media Player. Öll lög sem þú kaupir fara sjálfvirk yfir í spilarann þinn.

Fylltu á iPodinn · Farsímann · Tölvuna

Tónlist.is

Mikki refur kvartar

UMRÆÐAN

Ari Edwald skrifar um samkeppni á fjölmiðlamarkaði



ARI EDWALD

Þorsteinn Þorsteins-son, markaðsstjóri RÚV, skrifar skrótna grein í Mbl. síðastliðinn sunnudag, þar sem flestu er snúið á haus varðandi samkeppni á auglýsingamarkaðnum. Gengur markaðsstjórinn svo langt í öflugmælum sínum að það minni á það þegar Mikki refur reyndi að telja bangsapabba trú um að Lilli klifurmið hefði ætlað að éta hann!

Grundvallaratriðið sem RÚV-mönnum virðist fyrirhafa að skilja, er að það leggur þeim skyldur á herðar að þiggja 3 milljarða styrk árlega frá skattgreiðendum, sem þeir megi ekki bara eyða í að bera keppinauta sína á auglýsingamarkaðnum ofurliði. Það blasir við, að ef RÚV hefur ekki önnur markmið í rekstri sínum en einkarekið vinsældasjónvarp, og býr ekki við takmarkanir á auglýsingamarkaði umfram einkafyrirtæki, þá getur RÚV í raun notað allan ríkisstyrkinn til niðurgreiðslu á sókn sinni á auglýsingamarkaðinn. Við það mun ekkert einkafyrirtæki geta keppt til lengdar.

Samkeppniseftirlitið telur að núverandi fyrirkomulag RÚV feli í sér samkeppnilega mismunun og sé frávik frá markmiðum samkeppnislaga...

Núverandi hlutdeild einstakra fyrirtækja á auglýsingamarkaðnum skiptir í raun engu máli í þessu sambandi, þetta snýst um leikreglur. Það ætti engu að skipta fyrir rökræðuna hvort til dæmis 365 samstæðan er eitt fyrirtæki með marga ólíka miðla innanborðs, eða væri skipt í mörg fyrirtæki. Þegar RÚV er farið að miða dagskrá sína fyrst og fremst við sókn eftir auglýsingafé, og ríkisstyrkurinn sem hægt er að nota í samkeppnistarfssemi er 3 milljarðar, á meðan auglýsingamarkaðurinn í heild er aðeins um 10 milljarðar, þá er augljóst að skekkjan er svo mikil að úrslitin í taflinu liggja fyrir. Þetta er aðeins spurning um tíma. Það á ekki bara við um svokallaða ljósvakamiðla, enda beinist sókn RÚV ekkert síður að auglýsendum í dagblöðum um þessar mundir. Má minna á að þegar lög um RÚV ohf. voru samþykkt lýstu málsvarar RÚV því yfir að sókn RÚV á auglýsingamarkað myndi í engu breytast frá því sem verið hefði. Allir sjá nú að þessar yfirlýsingar voru helber ósannindi.

Enginn vinur betri en Guðni

Markaðsstjóri RÚV heldur því reyndar fram, að núverandi auglýsingatekjur RÚV séu lágar, þar sem þær séu minni partur af auglýsingakökunni, heldur en nemur hlutdeild RÚV í heildarhorfi. Þessi kenning er út í hött af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi yrði RÚV að setta sig við að þessi mælikvarði gildi í báðar áttir. Ef eðlilegt er að RÚV hafi sömu hlutdeild og einkastöðvar í auglýsingafé, miðað við áhorf, yrði að skipta ríkisstyrknum í sömu hlut-

föllum, ef jafnræði á að ríkja.

Í öðru lagi er heildarhorf ótækur mælikvarði. Auglýsendur eiga sér markhópa, sem eru miklu þrengri en skilgreiningin: „allir á aldrinum 12-80 ára, landið allt“. Einkamiðlar leggja einmitt sérstaka áherslu á að ná útbreiðslu hjá mikilvægum markhópum til að gera sig til við auglýsendur og geta verið stærrri en RÚV í „markhópnum“ þótt þeir séu minni í heild. Þar er eftir atvikum hægt að gefa eftir gagnvart landslutum og hópum. Þessu á einmitt að vera öfugt farið með Ríkisútvarp, en því virðast núverandi stjórnendur RÚV hafa gleymt. Þeir hafa alltof mikla peninga til ráðstöfunar og geta yfirboðið starfsfólk og vinsældafni þegar þeim sýnist svo, samanber nýafstaða Evrópukeppni í fótbolta, þar sem bara sýningarrétturinn kostaði þá hátt í 100 m.kr. En þeir skera niður „hallærislegt“ landslutlasjónvarp með fréttum af landsbyggðinni.

Þetta er í raun kjarninn í þeim breytingum sem hafa orðið á RÚV. Óheft þátttaka á samkeppnismarkaði með þeim áherslubreyingum sem því fylgir er ósamrýmanleg hugtakinu „ríkisútvarp“. Það er ekki tilviljun að það fyrirkomulag sem hér gildir um RÚV er hvergi að finna um ríkisútvarp í nálægum löndum. Svo spyr Guðni Ágústsson eins og álfur út úr hól, hvort Ríkisútvarpið eigi öngvan vin, þótt hann beri fulla ábyrgð á því að breyta RÚV úr hefðbundnu ríkisútvarpi, í samkeppnisfyrirtæki sem hefur engan áhuga á skyldum ríkisútvarps. Sá sem á Guðna að vini þarf greinilega enga óvini.

Gagnrýni Samkeppniseftirlitsins

Litlu skiptir þótt RÚV-toppar telji fjarstæðu að samkeppni við þá sé ójöfn. Samkeppniseftirlitið hefur talað skýrt um þessi efni eftir mikla yfirlegu. Eins og fram kemur í úrskurði SKE frá 16. júní síðastliðinn (sem finna má á 365midlar.is) telur eftirlitið að núverandi fyrirkomulag feli í sér samkeppnilega mismunun og sé frávik frá markmiðum samkeppnislaga, þótt eftirlitið telji sig ekki geta tekið á málinu, að svo stöddu að minnsta kosti, af tæknilegum ástæðum.

Það kæmi mjög á óvart ef Alþingi teldi sæmandi að hafa það fyrirkomulag til frambúðar sem er þessum annmörkum búið. Það færi þá lítið fyrir hástemmdum yfirlýsingum um mikilvægi samkeppni og heilbrigðra leikreglna í atvinnulífínu. Við setningu laganna um RÚV ohf. benti Samkeppniseftirlitið í umsögn sinni á leiðir til að lagfæra þá galla sem augljóslega voru á lagasetningunni, en á það var því miður ekki hlustað. Leið SKE var að hafa skýr skil á milli þess sem nyti skattfjár og þess sem kostað væri með auglýsingum. Fleiri leiðir eru færar til að hamla gegn ólögmætum samkeppnisáttum RÚV, án þess að RÚV þurfi að hverfa af auglýsingamarkaði. Þótt það hefði best áhrif á fjölbreytni og samkeppni til lengdar.

Höfundur er forstjóri 365 miðla.

LÆKKIÐ VERÐ

á Montana-tjaldvögnum

90%
FJÁRMÖGNUN

Tilboðsverð 595.000 kr.
Án fortjalds



MONTANA



Tækniupplýsingar

Árgerð 2008		
Heildarlengd	3,3 m	
Heildarbreidd	1,6 m	
Lengd að innan	2,4 m	
Hæð að innan	1,9 m minnsta hæð	
Breidd að innan	1,9 m	
Eigin þyngd	270 kg	
Heildarþyngd	395 kg	
Burðargeta	125 kg	
Þykkt á veggjum ..	Tjalddúkur: Ten Cate 280 gr/m2	
Þykkt á gólfi	Tjalddúkur: Ten Cate 320 gr/m2	
Dekkjastærð	13 tommur	

Tjaldvagninn er afhentur strax, tilbúinn í ferðalagið – þú bara hengir hann aftan í bílinn og leggur af stað.

Eigum til falleg fortjöld sem stækka og auka þægindin.

Nokkrir tjaldvagnar árgerð 2007 á frábæru verði

Tilboð

fyrir þá sem staðfesta kaup á tjaldvögnum

	Verð	Tilboð
Fortjald lítið	94.500 kr.	56.700 kr.
Fortjald stórt	159.900 kr.	95.940 kr.
Geymslubox	47.880 kr.	28.680 kr.
Geymslustatíf	9.904 kr.	5.942 kr.
Yfirbreiðsla	19.080 kr.	14.310 kr.



Fiskilóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Opíð mánud.-föstud. 10-18, laugard. 10-17
og sunnud. 13-17

Söluaðilar: BÍLASALA AKUREYRAR & BÍLASALA AUSTURLANDS



Ellingsen

- fullt hús ævintýra

VÍSIR.IS
“...ég sá það á vísi”

O.J. SIMPSON ÍPRÓTTAMAÐUR ER 61 ÁRA.

„Ég gæti ekki sagt ykkur hvenær móðir mín lést né faðir minn. Þessir dagar eru mér ekki mikilvægir.“

Ruðningskappinn fyrrverandi og leikarinn O.J. Simpson vakti heimsathygli vegna gruns um morð á fyrrum eiginkonu sinni Nicole Brown Simpson. Hann var sýknaður af ákærinni.



ÞETTA GERÐIST: 9. JÚLÍ 1982

Annað kjörtímabil Thatcher

Margaret Thatcher (f. 13. október 1925) hóf annað kjörtímabil sitt sem forsætisráðherra Breta á þessum degi árið 1982. Hún hafði þá leitt breska Íhaldsflokkinn frá árinu 1975 og gegnt stöðu forsætisráðherra frá 1979. Thatcher myndaði ríkisstjórn eftir sigur Íhaldsflokksins árið 1979 eins og áður sagði og var forsætisráðherra Breta í samfellt þrjú kjörtímabil. Meðan á tímabilinu stóð var hún í senn einn dádasti og hataðasti stjórn-málamaður Bretlands, en eftir því sem á leið dvínuðu vinsældir hennar meðal almennings.



Staða Thatcher innan Íhaldsflokksins veiktist samfara því þar sem flokksystkini hennar óttuðust að óvinsældirnar kynnu að leiða til ósigurs flokksins í komandi þingskosningum. Thatcher neyddist svo til að segja af sér sem leiðtogi breska Íhaldsflokksins og forsætisráðherra Bretlands vegna lítills fylgis í leiðtogakjöri flokksins árið 1990. Thatcher er fyrsta og eina konan til að gegna þessum stöðum í Bretlandi ásamt því að hafa starfað lengst sem forsætisráðherra Breta.

MERKISATBURÐIR

- 1816** Argentína öðlast sjálfstæði.
- 1940** Skýfall er og hagl fellur í Hrunamannahreppi. Lækir spillast af aurburði.
- 1946** Tívoli, nýtt skemmtivæði sem inniheldur meðal annars bílabraut og hringekju, er opnað í Reykjavík.
- 1976** Mesti hiti í Reykjavík mælist 24,3°C.
- 1992** Kim Basinger fær 1.959. stjórnuna á Hollywood's Walk of Fame.
- 1972** Paul McCartney og Wings leggja upp í sitt fyrsta tónleikaferðalag.
- 1997** Mike Tyson er bannað að boxa eftir að hafa bitið stykki úr eyra boxarans Evanders Holyfield.

tímamót

tímamot@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Rósa Pétursdóttir,

varð bráðkvödd að heimili sínu, Grænumörk 5 Selfossi, sunnudaginn 6. júlí. Jarðarförin auglýst síðar.

Börn, tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.



Við þökkum ykkur öllum hlýbug, samúð og vináttu við andlát elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og sonar,

Jóns Ólafssonar

frá Kirkjulæk.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á deild 13D á Landspítalanum við Hringbraut og á líknardeildinni í Kópavogi fyrir frábæra umönnun. Stuðningur ykkar er okkur ómetanlegur. Þeim sem vilja beina áheutum sínum á meyjarhofið Móður jörð geta lagt inn á reikning hofsins 182 05 62648, kt. 311266-4469.

Ingibjörg Elfa Sigurðardóttir
Sveinbjörg Jónsdóttir
Signý Rós Jónsdóttir
Ómar Smári Jónsson
Andri Geir Jónsson
Patrik Þór Leifsson
María Jónsdóttir

Samúel Ingi Guðmundsson

Agnes Helga Steingrimsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafa,

Jóhannes Þorberg

Kristinsson

Víðihvammi 15, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt þriðjudagsins 1. júlí. Honum verður sungin sálumessa í Kristskirkju í Landakoti fimmtudaginn 10. júlí nk. kl. 13.00.

Anna Jóhannsdóttir
Jóhann Þ. Jóhannesson
Svanhildur I. Jóhannsdóttir
Kristinn Jóhannesson
Ólafur Jóhannesson

Guðmundur G. Kristinsson,
Guðrún F. Guðmundsdóttir,
Ingibjörg G. Magnúsdóttir,
barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Jóns P. Björnssonar

Böðvarsgötu 19, Borgarnesi.

Íða Sigurðardóttir
Ólöf Hildur Jónsdóttir
Björn Jónsson
Anna Guðrún Jónsdóttir
Sesselja Þórunn Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Birgir Skúlason



SUMARTÓNLEIKARÖÐ Alla miðvikudaga í sumar verða haldnir tónleikar í Seyðisfjarðarkirkju. Hátíðin ber heitið Bláa kirkjan og vísar það til kirkjunnar sem er blá á litinn.

MYND/ GUÐRÍÐUR AGÚSTSÓTTIR

SUMARTÓNLEIKARÖÐIN BLÁA KIRKJAN: HALDIN Í TÍUNDA SKIPTI

Fjölbreytt dagskrá fyrir alla

Sumartónleikaröðin Bláa kirkjan hefst í dag á Seyðisfirði. „Hátíðin er tíu ára í ár en hún varð til árið 1998 að frumkvæði Muff Worden. Muff kom frá Bandaríkjunum og var tónlistarkennari hér við Tónlistarskólann á Seyðisfirði,“ segir Aðalheiður Borgþórsdóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar.

„Muff var algjör hamhleypa, hún dreif þetta í gang og vann allt í sjálfböðavinnu. Muff Worden lést í ágúst árið 2006 en hennar hinsta ósk var að þessari hátíð yrði haldið gangandi. Í dag eru sjö manns að sjá um það sem hún gerði ein,“ segir Aðalheiður.

Eins og áður sagði hefst tónleikaröðin í dag og verða tónleikar haldnir á hverjum miðvikudegi út ágúst í kirkjunni á Seyðisfirði sem er einmitt blá og þaðan kemur nafnið Bláa kirkjan. Þegar Aðalheiður er innt eftir því hvort það séu aðallega Seyðisfirðingar sem sækja tónleikana segir hún svo ekki vera. „Hátíðin hefur þróast þannig að það kemur

mikið af fólki annars staðar frá og eru Seyðisfirðingar oft í minnihluta. Mjög góð mæting hefur verið á tónleikana að okkar mati. Í fyrra voru til dæmis um 70 manns á hverjum tónleikum.“

Dagskráin á sumartónleikaröðinni er mjög fjölbreytt og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. „Það hefur alltaf verið, og verður áfram, fjölbreytt dagskrá og flytjendur allir fagmenn á sínu sviði. Á hátíðinni verður meðal annars boðið upp á klassíska tónlist, djasstónlist, þjóðlagatónlist og síðan læðist inn á milli popptónlist.“

Páll Óskar og Monika munu opna sumartónleikaröðina í kvöld í Seyðisfjarðarkirkju. Meðal annarra tónleika má nefna þá sem haldnir verða 23. júlí. Þar munu feðgarnir Bergþór Pálsson og Bragi Bergþórssón, ásamt Þóru Fríðu Sæmundsdóttur píanóleikara, flytja tónlist eftir Inga T. Lárusson tónskáld, sem fæddist og ólst upp á Seyðisfirði.

Aðalheiður segir að þau vilji einn-

ig koma ungu tónlistarfólki á framfæri. „Það hefur verið lyklatríði hjá okkur að gefa ungunum og upprinnandi tónlistarmönnum tækifæri. Þann 6. ágúst verða tónleikar með austfirsku söngvurunum Aldísi Fjólu frá Borgarfirði eystri, Halldóru Malín frá Egilsstöðum og Björt Sigfinnsdóttur frá Seyðisfirði. Þær eiga það sameiginlegt að hafa stundað nám í söngskólanum Complete Vocal Institute í Kaupmannahöfn auk annars listnáms. Hver þeirra mun flytja nokkur lög við undirleik bræðrana Barkar Hrafns Birgissonar gítarleikara og Daða Birgissonar píanóleikara.“

Allir tónleikarnir hefst klukkan 20.30 og er aðgangseyrir á bilinu 1.500-2.000 krónur en frítt er fyrir 16 ára og yngri. Aðgangur kostar 1.000-1.500 krónur fyrir 67 ára og eldri, öryrkja og námsmenn. Nánari upplýsingar um tónleikaröðina er hægt að nálgast á slóðinni www.blaakirkjan.is.

sigridurp@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Guðmundar Guðveigssonar

Kirkjusandi 3, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til hjúkrunarfræðinga hjá Karitas og starfsfólks deildar 11E á Landspítala við Hringbraut fyrir frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Kolbrún Dóra Indriðadóttir
Ólöf Guðmundsdóttir Salmon
Eggert Snorri Guðmundsson
Indriði Halldór Guðmundsson
Sævar Guðmundsson
Halldóra Katla Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Peter Salmon
Jóhanna Guðbjörnsdóttir
Nína Edvardsdóttir
Edda Sigurbjörnsdóttir



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Halldóra Ágústa

Þorsteinsdóttir

Vestri-Reyni, til heimilis að Tindaföt 5, Akranesi,

er lést 4. júlí sl. verður jarðsöngurinn frá Akraneskirkju föstudaginn 11. júlí kl. 14.00. Jarðsett verður í Innra -Hólmskirkjugarði.

Þórunn Valdís Eggertsdóttir
Elisabet Unnur Benediktsdóttir
Fríða Benediktsdóttir
Valný Benediktsdóttir
Haraldur Benediktsson
Steinunn Fjóla Benediktsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Benóný K. Halldórsson
Eymar Einarsson
Ingibjörg H. Jónsson
Lilja Guðrún Eypórsdóttir
Jón E. Einarsson



Öll mörkin í Landsbankadeildinni

„Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is var langfyrstur með mörkin í Landsbankadeildinni. Boltavakt *visir.is* og Fréttablaðsins er á öllum leikjum sumarsins í Landsbankadeild karla. Öll mörk, spjöld og helstu atriði leikjanna eru í beinni textalýsingu. *Visir.is* er öflug fréttá- og upplýsingaveita í stöðugri sókn sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja *visir.is*.

visir.is
...ég sá það á visir.is



CCP hf., kt. 450697-3469, hefur birt lýsingu vegna tóku víxla til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf. og gert aðgengilega almenningi frá og með 9. júlí 2008.

Eftirfarandi víxlaflokkur hefur verið gefinn út:

- Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.250.000.000 var gefinn út þann 27. júlí 2007 og er auðkenni floksins í OMX Nordic Exchange Iceland hf. CCP 08 0728. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubríf, hver víxill er að fjárhæð kr. 5.000.000 og skulu víxlarnir endurgreiðast þann 28. júlí 2008. Víxlarnir verða teknir til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf. þann 9. júlí 2008.

Lýsingu þessa er hægt að nálgast hjá útgefanda CCP hf., Grandagarði 8, 101 Reykjavík í eitt ár frá birtingu lýsingarinnar. Lýsinguna er einnig hægt að nálgast á vefsetri útgefanda CCP, www.ccpgames.com. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík 9. júlí 2008



STUÐ MILLI STRÍÐA Af kömrum og öðru fornaldarlífurni

KOLBRÚNU BJÖRT SIGFÚSDÓTTUR LÍÐUR LÚMSKT VEL ÞEGAR HÚN ER ÓGÆDSLIG



Það er padda að skrifa yfir andlitid á mér þegar ég vakna í eimbaðinu sem ég kalla tjaldið mitt. Morgunn á Hróarskeldu. Ég stíg út í rykmettaðan þvagfnykinn og tek í skyndi ákvörðun um hvort að kamar eða girðing verði fyrir valinu. Í spreng, hárið í einni flækju, sviði á sviða ofan. Engin sturta sem bíður, engin mjólk í ísskápnum, enginn sófi að halla sér í. Bara ég og aðrar hundrad þúsund manneskjur í útilegu. Hróarskelda hefur verið fastur liður á hverju sumri síðan 2003 hjá mér. Ekki aðeins vegna þess

að þar má finna bestu tónlistarmenn hvers tíma fyrir sig heldur vegna þess að ég er háð því að lifa ógæðslega í nokkra daga. Ég meina, tónleikarnir eru aðalmálið en kelda úr hótélherbergi eða feli-hýsi væri engin kelda. Mér hefur alltént liðið hálfkjánalega þá daga hátíðarinnar sem ég er hrein. Jebb, þú skildir þetta rétt. Það er betra að vera skítugur. Að leyfa sér að líta ekki í spegil í viku, drekka bjór og lykta verr. Skola mesta rykið úr augunum í almenningsvaski og pissa á hækjum sér við veginn í allra augu. Að vaka og sofa við tónlistarval þess sem tjaldrar við hlið þér og reyna að greina hversu mörg lög þú heyrir í einu hverju sinni. Að skjálfa á

nóttunni og lamast úr hita á daginn. Allt þetta er undarlega seiðandi og kósi.

Ég er ekki frá því að þegar maður sleppir þjattinu í sjálfum sér óskri sjálfíð af hamingju. Það losnar um allt, tilfinningar gossa fram í sinni hreinustu mynd (enda er ég alltaf grenjandi yfir feður tónlistarinnar á tónleikum) og líkaminn, boginn og skældur eftir harða jörðina glóir aðeins. Eina sem þarf að hafa áhyggjur af er hvað á að sjá eða borða næst.

Niðurtúrinn af þeirri vímu er aftur ofurviðkvæmni fyrir öllu rusli sem verður á vegi manns næstu daga á eftir. Það er annaðhvort eða. Siðmenning eða tjaldlífið.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



GÍTARINN
HLJÓDFÆRAVERSLUN

Stagg

Þjóðlagagítar

Poki, Ól, Stilliflauta,
Auka Strengjasett,
eMedia geisladiskur.

Kr. 14.900

Fáanlegir Litir:
Viðarlitaður,
Sunburst,
Svartur,
Blár.

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125
www.gitarinn.is

Hringdu í síma
512 5060
ef blaðið berst ekki



EINAR JÓHANNESSON OG DOUGLAS A. BROTCHE Koma fram á hádegistónleikum á morgun og á laugardag.

Klarínetta og orgel í hádegini

Klarínettuleikarinn Einar Jóhannesson, einn af þekktustu einleikurum landsins, kemur fram á hádegistónleikum í Dómkirkjunni í Reykjavík á morgun kl. 12.15 ásamt Douglas A. Brotchie, organista Háteigskirkju. Tónleikarnir eru liður í hádegistónleikaröð tónlistarháttarinnar Alþjóðlegs orgelsumars. Þá koma þeir Einar og Douglas einnig fram á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju á laugardag kl. 12.

Í Dómkirkjunni leika þeir félagar fyrst fjórar Kirkjusónötur eftir Mozart sem eru útsettar fyrir klarínett og orgel af Yonu Ettlinger. Síðan leika þeir Exul-

tavit Maria sem Jónas Tómasson skrifaði fyrir þá og að lokum leikur Douglas tvo kafla úr orgelverkinu Dýrd Kristis sem einnig er eftir Jónas.

Á tónleikunum í Hallgrímskirkju leika Einar og Douglas fyrst Concertino eftir ítalska barokktónskáldið Giuseppe Tartini í útsetningu Gordons Jacobs. Þá leika þeir Music when soft voices die eftir John Speight sem hann skrifaði sérstaklega fyrir þá og tónleikunum á laugardaginn lýkur með Hugleiðingu um ummyndum Kristis á fjallinu eftir Hafliða Hallgrímsson sem Douglas leikur á Klais-orgelið. -vp

Kvikmynd verður ópera í endurvinnsluinaðinum

Nýverið bárust fréttir af því frá Frakklandi að þar hefði verið tekin til sýninga ópera sem byggir á hryllingsmyndinni Flugunni. Þó svo að mörgum þyki eflaust merkilegt að umbreyta óumdeilanlegri lágmenningarafurð í hámenningu á þennan hátt eru fjöldamörg dæmi um slíkar breytingar.

Kvikmyndin Flugan (The Fly) er vafalaust ein vinsælasta mynd kanadíska kvikmyndaleikstjórans Davids Cronenberg. Þrátt fyrir vinsældir myndarinnar kom það þó flestum nokkuð á óvart að hún yrði efniviður nýrrar óperu, enda myndin líkamshryllingur af bestu gerð. Færa má rök fyrir því að líkamlegar hryllingsmyndir séu algjör lágmenning á meðan að óperur séu algjör hámenning. Út frá þessum hugsunarhætti má vel álykta að það kæmi ekki jafnmikið á óvart ef Flugan hefði alið af sér söngleik fremur en óperu þar sem að söngleikir búa í lægra menningarhólfinu ásamt teiknimyndum, þungarokki og öðru groddalegu efni. Þó verða þær raddir ávallt háværar, nú á tímum staf-ræns bræðings á öllum menningarsviðum, sem segja að mörkin á milli þess háa og lága séu orðin með öllu gagnslaus, en hér skal ekki fjallað nánar um það.

Flugan er aðeins ein af nokkrum vinsælum kvikmyndum síðustu tveggja áratuga sem hljóta óperu-meðferðina. Kvikmyndin Myrkra-



HRYGGBRJÓTUR Kvikmynd leikstjórans Ang Lee um samkynhneigða kúreka verður sviðsett sem ópera í New York árið 2013.

dansarinn eftir Danann skapstygga Lars Von Trier skartaði Björk okkar í aðalhlutverki og reiddi sig talsvert á tónlist og dans til þess að koma tilfinningahrifum til skila. Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn ku vera um þessar mundir að breyta myndinni í óperu sem frumsýnd verður þar í borg eftir tvö til þrjú ár. Leikstjórinn David Lynch er rómaður fyrir óskiljanlegar og undarlegar kvikmyndir sínar; ein af hans undarlegustu myndum er hiklaust Lost Highway frá árinu 1997. Færri vita að austurríska tónskáldið Olga Neuwirth lagaði handrit myndarinnar að óperuforminu árið 2003. Óperan var sýnd við mikinn fögnuð Lynch-aðdáenda bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum.

Að lokum ber að minnst á kvikmyndina Sophie's Choice sem kom út árið 1982 og skartaði Meryl Streep í aðalhlutverki, en myndin var gerð eftir skáldsögu Williams Styron. Árið 2002 samdi tónskáldið Nicholas Maw óperu út frá handriti kvikmyndarinnar, en hlaut litlar þakkir gagnrýnenda og áhorfenda fyrir. Meryl Streep lætur aftur á móti engan bilbug á sér finna og fer mikinn um þessar mundir í kvikmyndinni Mama Mia!, sem unnin er upp úr samnefndum söngleik sem sjálfur er unninn upp úr tónlist sænsku poppmeistaranna í Abba.

Sónarglaðir neytendur hins vestræna heims mættu klárlega taka sér kvikmynda-, leikhús- og óperuinaðinn til fyrirmyndar hvað viðkemur endurvinnslumálum.

visdis@frettabladid.is

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

LONDON

Frá kr. 14.900*

Í Shaftesbury Theatre er sæti fyrir þig. Ítalskur meistarakokkur við Duke Street hefur lagt á borð fyrir þig. Það er beðið eftir þér í Notting Hill.

Komdu til London, í helgarferð eða í sumarleyfi. Lífvörður drottningar hefur æft vaktaskipti síðan á 19. öld og menn skilja ekkert í hvers vegna þú skulir ekki hafa látið sjá þig ennþá.

+ Bókaðu flug á www.icelandair.is

Safnaðu Vildarpunktu
 VISA Punktarnir upp í
 MasterCard Ferðaávisun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS

> KÆRASTAN ÓSÁTT

Kærastu Harrys, Chelsy Davy, þykir prinsinn drekka einum of mikið og hefur nú sett honum úrslitakosti; annað hvort minnki hann drykkjuna eða hún hættir með honum. Prinsinn hefur verið áberandi í skemmtanálífi Lundúnaborgar síðustu ár og hefur einnig verið staðinn að neyslu fíkniefna.

fólk

folk@frettabladid.is



Gáfumenn á sveitaböll

Flestir eru sammála um að tími sveitaballa sé liðinn, og þar af leiðandi hinna hefðbundnu sveitaballabanda. Tvær gáfumannasveitir úr 101 ætla að snobba niður á við um næstu helgi og halda sveitaböll eins og það sé 1993 og landi í brúsa sé málið. Þetta eru hljómveitirnar Sprengjuhöllin og XXX Rottweiler sem spila á 800 Bar á Selfossi á föstudagskvöldið og í Sjallanum á Akureyri kvöldið eftir.

Hljómveitarmeðlimir segjast hafa orðið fyrir óþægindum vegna uppátækisins. Erpur Eyvindarson Rottweiler-hundur segist hafa fengið morðhótanir inn um bréfálúguna skrifaðar á Re-Max bréfsefni og Georg Kári í Sprengjuhöllinni var að sögn stunginn í rassinn með heykvísl þar sem hann lá í sólbáði í síðustu viku. Hljómveitirnar hvetja fyrrverandi sveitaballakóngu til að láta af ofbeldinu. Ef ekki, mega þeir vita að eldi verður svarað með eldi og hafa hljómveitirnar þegar leitað til Grímseyjarhrottans til að sjá um gæslu á tónleikunum á Akureyri.

SVEITABALL UM NÆSTU HELGI XXX Rottweiler spila með Sprengjuhöllinni á Selfossi og Akureyri um næstu helgi.



HÆTT SAMAN Drew Barrymore og Justin Long eru skilin að skiptum eftir árs samband.

Drew á lausu

Leikkonan Drew Barrymore virðist ekki ætla að finna hina einu sönnu ást. Drew hefur nú tilkynnt að hún og kærasti hennar Justin Long séu skilin að skiptum eftir næstum árs samband. Vinur leikkonunnar segir þó að Drew og Justin séu enn góðir vinir. Í viðtali við tískutímaritið Vogue í mars sagði Drew að hún væri svo hamingjusöm með Justin að hana verkjaði í kinnarnar. Justin þessi er hvað þekktastur fyrir leik sinn í grínmyndinni Dodgeball, sem skartaði einnig Ben Stiller og Vince Vaughn.

Ástfanginn hótelarfingi

Hótelarfinginn Paris Hilton og kærasti hennar Benji Madden virðast enn vera yfir sig ástfangin. Þarið hefur ekki farið sparlega með það að dásama hvort annað í viðtölum og nú hefur Benji einnig fengið sér demantshring með upphafsstöfum Parisar. Paris virðist því vera komin í hóp fyrrverandi skemmtanafikla á borð við Lindsay Lohan og Nicole Ritchie sem hafa sagt skilið við skemmtanálífið eftir að þær fundu ástina.

Nýjar öfgar hjá Amy

Söngkonan Amy Winehouse er nú undir stanslausu eftirliti bæði fjölskyldu sinnar og öryggisvarða á vegum útgefanda hennar og getur því ekki lengur skemmt sér eins og henni er einni lagið. Söngkonan hefur því fundið sér nýtt áhugamál og nú eyðir hún frítíma sínum í ljósum. „Amy þarf alltaf að fara með allt út í öfgar. Hún keypti ljósabekkin til þess að losna við útbrot sem hún var með en núna er hún farin að eyða nokkrum klukkutímum á dag í bekknum“, sagði vinur söngkonunnar. „Í gegnum árin hefur Amy verið háð áfengi, eiturlyfjum, karlmönnum og jafnvel



prjónaskap, þetta er nýjasta fíknin,“ sagði vinurinn um ljósabekkj-anotkun Amy.

Jens Guð skammaður

Bloggarinn Jens Guð nafngreindi meintan kynferðisbrotamann á bloggi sínu í gær. Hann tók út færslu sína að beiðni stjórnenda Moggabloggsins.



SÍÐA JENS Víst er að fjölmiðlaveruleikinn hefur gerbreyst með tilkomu Netsins.

„Árni Matt hringdi og bað mig í guðanna bænum að fjarlægja þetta í hvelli. Nei, hann gaf ekki upp neina ástæðu en ég geng út frá því sem vísu að þarna sé verið að hugsa um fórnarlömbin, börn þessa manns,“ segir ofurbloggarinn Jens Guð. Í gær morgun tók Jens, sem er með vin-



JENS GUÐ

Árni Matt á Mogganum hringdi og bað hann í guðanna bænum að kippa færslunni út í hvelli.

sælli blogggrum á hinu svokallaða Mogga-bloggi, sig til og nafngreindi mann þann sem verið hefur í fréttumónafngreindur að undanfögnu grunaður um kynferðislega misnotkun á börnum sínum. Komið hefur fram í fréttum að maðurinn, sem nú er í gæsluvarðhaldi, hefur starfað sem kennari við Háskólann í Reykjavík. Bloggfærsla Jens er undir fyrirsögninni „Barnanaudgærinn“ þannig að Jens velkist ekki í vafa um sekt eða sakleysi.

Árni Matthíasson, vefstjóri Morgunblaðsins, segir sannarlega annan veruleika blasa við fjölmiðlum með tilkomu netsins en áður var. Og hvetur Bláðamannafélagið til að setjast yfir hann og síðareglur sínar sem hann telur brandara. „Mat lögmanns Árvakurs er að ábyrgðin liggja hjá þeim sem heldur síðunni úti. Allir sem skrá sig hjá okkur gera það með kennitölu þannig að við vitum hver viðkomandi er,“ segir Árni.

Ef ábyrgðin er bloggarans hlýtur sú spurning að vakna af hverju Moggamenn eru að skipta sér af efninu en Árni segir að allir gangist undir ákveðna skilmála þegar þeir skrá sig og vísar til þess. „Við höfum gripið inn í ef okkur finnst menn ganga of langt til dæmis með því að birta klámfengið efni, meiðandi efni eða kynþáttanið.“ Svo eru það nafnbirtingarnar sem eru umdeilanlegar. Árni segir þá á Mogganum líta svo á að þar eigi fórnarlambið alltaf að njóta vafans. „Þarna togast á réttur fólks til að vita hverjir eru að brjóta af sér til að geta varist þeim og svo réttur fórnarlambins til að njóta verndar. En það er rétt, þetta er forvitnilegt mál ekki bara fyrir Bláðamannafélagið heldur almennt.“

jakob@frettabladid.is


Gel hættir í lok sumars

Ein líflegasta hárgreiðslustofa höfuðborgarinnar, Gel, ætlar að leggja upp laupana í lok sumars. Anna Sigríður Páldóttir, hárgreiðslukona og eigandi stofunnar, segir ástæðuna einfaldlega vera þá að tími sé kominn til að hætta. „Við sem vinnum hér erum öll búin að vera í þessum bransa svo rosalega lengi og viljum nú snúa okkur að öðru. Við teljum að það sé betra að hætta á meðan allt er í blóma og við höfum enn gaman af því sem við erum að gera.“

Stofan hefur verið starfrækt í sjó ár og ætla þau á Geli að halda stærðarinnar kveðjupartí fyrir viðskiptavinum stofunnar þann 13. september.

„Partíið verður haldið á Organ og við ætlum að reyna að fá nokkra af bestu plötusnúðum landsins til að halda uppi fjörinu. Þetta verður alvöru kveðjupartí,“ segir Anna um kveðjuhófið og hvetur um leið viðskiptavinum stofunnar til að nýta sér þessa síðustu mánuði til að næla sér í skemmtilega sumar-klippingu.

Hárgreiðslumaðurinn landsþekkti, Jón Atli Helgason segist ætla að vinna að viðburðarfyrir-



AFTUR Í TÓNLISTINA Jón Atli Helgason ætlar að sinna tónlistinni betur í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

tækinu Jóni Jónssyni ásamt því að sinna tónlistinni betur. „Við hjá Jóni Jónssyni stefnum á að víkka það konsept og taka að okkur öðruvísi verkefni en við höfum áður gert. Þessa dagana erum við að



KVEÐJUSTUND Anna Siga hefur rekið Gel í sjó ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

vinna hörðum höndum að Trentemöllertónleikunum sem verða á Tunglinu þann 18. júlí,“ segir Jón Atli sem mun augljóslega ekki sitja auðum höndum eftir lokun hárgreiðslustofunnar. -sm

Ljósurnar sýna klærnar

Hin brjóstagóða Pamela Anderson kallaði söngkonuna Jessica Simpson tók og gleðikonu í útvarpsþætti fyrir skömmu. Ástæðan að baki ummæla Pamela er sú að Jessica sást klæðast bol með áletruninni „Alvöru stúlkur borða kjöt“ og Pamela er yfirlýstur dýraverndunarsinni og grænmetisæta. „Jessica var mjög sár vegna ummæla Pamela. Að segja að hún sé reið er of vægt til orða tekið,“ sagði nán vinkona Jessicu um málið.

„Jessica ætlaði að hefna sín á Pamela en fjölmiðla-umfjöllunina sem hún þráir. Jessica ætlar því að halda aftur af sér þar sem ferill hennar er á uppleið en Pamela Anderson er á niðurleið.“ Ætli orðtakið „sá vægir sem vitið hefur meira“ eigi ekki við hérna.



LILY ALLEN Söngkonan hefur efasemdir um eigið ágæti sem lagahöfundur.

Lily Allen ekki góð í neinu

Lily Allen sýndi á sér nýja og óruggari hlið á dögunum þegar hún ræddi um væntanlega plötu sína. Söngkonan sagði í viðtali við Rolling Stone tímaritið að henni fundist hún ekki vera mjög hæfileikarík tónlistarmaður. „Ég hætti í skóla þegar ég var fimmtán ára. Ég er ekki snjall lagahöfundur. Mér finnst ég í raun ekki vera mjög góð í neinu.“ Allen segir að nýja platan verði ólík því sem hún hefur gert hingað til og því óttist hún viðbrögð aðdáenda sinna. „Sumum á eflaust eftir að líka platan vel, öðrum ekki. Ef fólk hatar hana, þá reyni ég bara eitthvað annað næst.“

NÝTT!

Lögin beint
inn í iTunes
og á iPod

Fyll'ann takkk!



Vertu tilbúinn í sumarfríð!

Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af topptónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.

Nýtt á Tónlist.is - lögin beint inn í iTunes á tölvunni!

Nú getur þú tengt Tónlist.is beint við iTunes eða Windows Media Player. Öll lög sem þú kaupir fara sjálfvirk yfir í spilarann þinn.



Fylltu á iPodinn · Farsímann · Tölvuna



Tónlist.is



skemmtilegri

VISA
FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOD
Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra í einum pakka
á aðeins 4.890 kr. á mánuði fyrir kreditkorthafa
VISA í boðgreislu m.v. þriggja mánaða skuldbindingu.

ÞAÐ ER ÓDYRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

STELPU SUMMAR

Á STÖÐ 2 Í JÚLÍ



**SÉRVALID EFNI
FYRIR STELPURNAR Í ALLT SUMAR**

So You Think You Can Dance
Cashmere Mafia
Ghost Whisperer
Beauty and the Geek
Flipping Out

Canterbury's Law
Women's Murder Club
Newlyweds, Nearly Dead
The Moment of Truth
The Riches

It's Always Sunny in Philadelphia
Las Vegas
The Devil Wears Prada
Oprah

Í KVÖLD

STÖÐ 2 EXTRA KL. 17.00 OG 20.00

Seinfeld

Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar. Jerry Seinfeld er uppstandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka dutlungafullur og hann sjálfur. Saman lenda þau Jerry, George, Elaine og Kramer oft í afkáralegum aðstæðum og taka upp á fáránlegum tiltækjum.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Britain's Next Top Model – NÝTT

Skjár einn kl. 21.00

Bresk raunveruleikasería þar sem leit að er að efnilegum fyrirsætum. Íslenski ljósmyndarinn Huggy Ragnarsson er meðal dómara í þessari þáttaröð en hún var ofurfyrirsæta og hefur einnig átt farsælan feril sem ljósmyndari. Kynnir þáttanna og yfirdómari er breska fyrirsætan Lisa Snowdon.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Dr. RÚV
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Flækingur
08.00 Morgunfréttir	17.03 Viðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.25 Spegillinn
09.45 Morgunleikfimi	18.50 Dánarfregni og auglýsingar
10.13 Viltu syngja minn söng?	19.00 Á sumarvegi
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Leynifélagið
12.00 Fréttayfirlit	20.30 Tímakorn
12.02 Hádegisútlit	21.10 Sólarglingur
12.20 Hádegisfréttir	22.12 Orð kvöldsins
12.50 Dánarfregni og auglýsingar	22.15 Kvöldsagan: Pan
13.00 Útvarpsleikhúsið: Túristarnir	22.45 Svörtu sönggyðjumar
13.15 Á sumarvegi	23.30 Loftbelgur
14.03 Bravó, bravó!	00.07 Næturtónar
15.03 Útvarpsagan: Múrin í Kína	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks

17.00 Seinfeld (19:22)

17.30 Special Unit 2 (6:19)

18.15 Skins (2:9)

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

20.00 Seinfeld (19:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

20.30 Special Unit 2 (6:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir um sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oft en ekki eru af yfirmáttúrlegum toga.

21.15 Skins (2:9) Bresk sería um hóp unglunga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturfyljaneyslu og fleiri vandamála.

22.00 Las Vegas (1:19) Fimmta og síðasta þáttaröðin. Við fylgjumst með lífi og starfi öryggisvarða í Montecito-spilavítnu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæpamenn og aðrar veikgeðja sálir.

22.45 Traveler (6:8) Tveir skólafélagar standa skyndilega frammi fyrir því að vera hundeltir af alríkislögreglunni og eru hafðir fyrir rangri sök um að hafa valdið hryðjuverkasprengju á safni.

23.30 Twenty Four 3 (7:24)

00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Mér finnst... Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen eru umsjónarkonur. Gestir: Katrín Júlíusdóttir, Elly Ármanns, Guðmundur Jónsson.

21.00 Nútímafólk Þáttur í umsjón Randvers Þorlákssonar. Gestur: Stefán Baldursson óperustjóri.

21.30 Hvað ertu að hugsa? Umsjón. Guðjón Bergmann. Hvað ertu að hugsa? Gestur: Kolbrún Björnsdóttir gasalæknir.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

11.05 Adoption mod betaling **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Last Exile **13.30** SommerSummerum **15.05** Monster allergi **15.30** Kære Sebastian **15.50** Lisa **16.00** Sommertid **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Sommervejret **17.05** Hercule Poirot **18.00** Hestebrodrerne **18.30** De store bjørne **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret på DR1 **19.35** Aftenour 2008 **20.00** En sag for Frost **21.40** Onsdags Lotto **21.45** Flair for mord **23.20** Seinfeld

NRK1

9.55 Dansefot jukeboks **10.55** Ekstremvær jukeboks **12.00** Sport Jukeboks **13.35** Presidenten **14.15** Ung flukt **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Fiffi og blomsterbarne **16.10** Gnottene **16.40** Distriktnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Kollektivet i Köping **17.55** Kaoskontroll **18.25** Litt som deg **18.55** Distriktnyheter **19.00** Dagsrevyen **21.19.30** Vikinglotto **19.40** Kneteamet **20.30** I kveld **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedd med Diane? **22.55** Viten om **23.25** Du skal høre mye jukeboks

1* SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Himlen över Danmark **10.35** Mitt i naturen **12.10** Leva rövare **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Tillfällets hjältar **15.30** Fantastiska berättelser **16.00** Lilla röda traktorn **16.10** Storasyster och lillebror **16.15** Bosse bogserbåt **16.30** Hej hej sommar **16.31** Planet Sketch **16.50** Det femte väderstreck **17.00** Blue water high **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag granskning - sommarspecial **19.00** Mördare okänd **20.45** Rapport **20.55** Sommartorpet **21.25** Packat & klart sommar **21.55** Baronessan **22.25** Blod, svett och danska skallar **22.50** Sändningar från SVT24



STÖÐ 2 VILD INNIHULDUR:

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



vörurnar fást í Bónus!

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Grillsumar!

**BBQ-grísakótilettur,
léttreyktar**
frá Kjarnafæði

1.189 kr./kg.

Merkt verð 1.698 kr./kg



afsláttur 30% afsláttur

**Hafa sannarlega
slegið í gegn!**

**Grill-lambaframparts-
sneiðar**
frá Kjarnafæði

969 kr./kg.

Merkt verð 1.292 kr./kg



afsláttur 25% afsláttur

Grill-lambarifjur
frá Kjarnafæði

399 kr./kg.

Merkt verð 499 kr./kg



afsláttur 20% afsláttur

**Brauðskinka,
pakkar**
frá Kjarnafæði

959 kr./kg.

Merkt verð 1.598 kr./kg



afsláttur 40% afsláttur

**Mexico
grillpýlsur**
frá Kjarnafæði

649 kr./kg.

Merkt verð 928 kr./kg



afsláttur 30% afsláttur

**Bónus fituminna
hangiálegg,
pakkar**

1.998 kr./kg.

Merkt verð 2.220 kr./kg



afsláttur 10% afsláttur

**Vikingasteik,
beinlaus**
frá Kjarnafæði

1.298 kr./kg.

Merkt verð 1.442 kr./kg



afsláttur 10% afsláttur

BONUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

MEST LESIÐ:

Svala Björgvins: Hamingjusöm að vera á líffi
 Lögfræðingur segir alvarlega brotið á Ramses
 Ólafur Jóhann kjörinn stjórnarformaður GGE
 Harðneskjulegt að tvístra fjölskyldu Ramses



www.toyota.is



BAKÞANKAR
 Þórhildar Elínar
 Elínardóttur

Bobba, Jóhanna og Bergrún


Eitt fegursta orðið í íslensku Emáli er ljósmóðir. Í því býr mildi og gæska, umhyggja og virðing fyrir lífi. Fæstar konur sem fætt hafa barn gleyma nokkru sinni þeirri konu sem annaðist þær á meðgöngu, spáði í spilin, samgladdist þegar fyrsti hjartslátturinn heyrðist, skildi allar áhyggjur og sefaði kvíðann. Þegar frumbyrjan vildi í hríðunum helst af öllu hætta við allt saman og var sannfærð um að hún gæti ekki afborið augnablikinu meira vissi ljósmóðirin betur. Þetta var ennþá bara formálinn að því sem koma skyldi og konan myndi þola það líka. Alveg eins og aðrar konur hafa gert frá upphafi lífs. Samt hélt hún fyrir sig vitneskjunn um enn meiri átök, því hlutverk ljósmóður er að róa en ekki hræða.

ÞAÐ er glettilega auðvelt að verða væm inn í minningum um þessar konur sem taka þátt í dýrmætustu upplifun lífsins. Líklega krefjast fá störf jafn mikillar fjölgæfni. Ljósmóðir er auðvitað fyrst og fremst sú sem fylgist með því að meðganga og fæðing gangi eðlilega. Er vakandi fyrir merkjum um annað og gerir þær ráðstafanir sem þarf. Um leið sinnir hún sálsgæslu, kennir og leiðbeinir nýliðum í foreldrahlutverkinu og líka lengra komnum. Umber saklausu sérvisku mæðra og feðra og tekur stjórnina þegar þau missa hana. Sinnir þeim eins og þau væru sjálf börn, klappar og strýkur, þurrkar svita og tár og miðlar endalausum ráðum úr vísindum og reynslusarpi.

ÉG man samt líka eftir fúlu ljósmóðurinni sem fékk mig til að grenja af sjálfsmeðaumkun og var snarlega skipt út. Flestar sinna starfi sínu með sóma og af óbilandi áhuga en laun þeirra hafa dregist aftur úr eins og annarra stétta sem einkum eru skipaðar konum. Án ljósmæðra værum við í vöndum málum, án hjúkrunarfræðinga og kennara líka.

MIKILVÆGISRÖÐIN hefur riðlast, virðing fylgt beinhörðum peningum og öfugt. Veröldin færir ekki á hvolf þótt millistjórnendur bankanna legðu niður störf. En án ljósmæðra kæmi þekking á gengisvísitölum og þróun hlutabréfa að litlum notum. Meðganga og fæðing nýrrar manneskju er göfugasta hlutverkið í þessum heimi. Það er mælikvarði á þroska þjóðar hversu vel hún hlúir að börnum og metur fólkið sem er til staðar á mikilvægustu stundum ævinnar.

:-) framan í heiminn



ISLENSKA SÍLA/IF TOYOTA/0408

Þá smælar heimurinn framan í þig

Við hjá Toyota erum stolt af því að hafa verið hluti af íslensku samfélagi í hartnær 40 ár og hlökkum til að takast á við verkefni morgundagsins, með bros á vör. :-)



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

GÓÐAN DAG!
 Í dag er miðvikudagurinn 9. júlí, 192. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	3.25	13.33	23.39
Akureyri	2.33	13.18	23.59

Heimild: Almanak Háskólans

Toyota á Íslandi
 Nýbýlavegi 2-8
 200 Kópavogi
 Sími: 570-5070